

MED LEYFI FORSETA

ALÞINGISTÍÐINDI OG
UMRÆÐUR Á ALÞINGI



DEILUR

VÉLVÆÐING

TÆKNIÞRÓUN

TÖLVUVÆÐING

ÚTGÁFA

REGLUR

GILDI

2002

MEÐ LEYFI
FORSETA

ALÞINGISTÍÐINDI
OG UMRÆÐUR Á ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis

Nóvember 2002

Texti:

Helgi Bernóðusson

Magnús Jóhannsson

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Sigurður Jónsson

Sigurlín Hermannsdóttir

Vigdís Jónsdóttir

Prófarkalestur:

María Gréta Guðjónsdóttir

og aðrir starfsmenn þingfundasviðs

Jóhannes Halldórsson

Umsjón:

Vigdís Jónsdóttir

©Skrifstofa Alþingis 2002

Prentvinnsla:

Gutenberg

ISBN: 9979-888-20-2

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Deilur um útgáfu Alþingistíðinda	7
Vélræn upptaka þingræðna	17
Tækniþróun á Alþingi	29
Tækniþróun á Alþingi, framhald	35
Áhrif tölvuvæðingar á störf ritara á skrifstofu Alþingis	37
Útgáfa þingræðna	40
Ritstjórnarreglur	42
Gildi umræðna á Alþingi við lögskýringar	54
Viðaukar	57
Bænarskrár um styttingu þingtíðinda og fleira	57
Leiðréttingar þingmanna og skil á eigin ræðum	58
Mótmæli prentara við sparnaði á prentun Alþingistíðinda	59
Mótmæli innanþingsskrifara	60
Tilhögun ræðuskrifa	61
Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis	62
Kostnaður við útgáfu Alþingistíðinda	63
Tölvutæknin kemur til sögunnar	64
Lagagreinar um útgáfu Alþingistíðinda	65

Inngangur

Alþingistíðindi, þar sem birt eru þingskjöl og allt sem fram fer á fundum Alþingis, einkum umræður og atkvæðagreiðslur, hafa verið gefin út frá því að Alþingi var endurreist 1845.

Fyrstu árin voru Alþingistíðindin óskipt, þ.e. ræður og þingskjöl voru prentuð í sama heftinu. Árin 1863–1881 var Alþingistíðindum skipt í tvennt; í fyrri hluta voru þingskjöl og viðaukar og í síðari hluta ræður, atkvæðagreiðslur o.fl. Á árunum 1883–1903 voru þau þrískipt: A. umræður í sameinuðu þingi og efri deild, B. umræður í neðri deild og C. þingskjöl. Sama skipting var einnig árið 1913 en á öðrum þingum á tímabilinu 1905–1916 var þingtíðindunum skipt í tvennt. Árin 1917–1920 var tíðindunum þrískipt á ný: A. þingskjöl, B. umræður um samþykkt mál og afgreidd og C. umræður um fallin mál, óútrædd og fyrirspurnir. Frá 1921–1972 voru Alþingistíðindin fjórskipt: A. þingskjöl, B. umræður um samþykkt lagafrumvörp, C. umræður um fallin lagafrumvörp og óútrædd og D. umræður um þingsályktunartillögur og fyrirspurnir.

Frá 1845 til 1972 voru allar umræður hvers máls prentaðar saman. Árið 1972 var farið að gefa umræðurnar út jafnóðum og í tímaröð. Frá 1972 eru Alþingistíðindin gefin út í tvennu lagi, annars vegar þingskjöl (A) og hins vegar umræður (B). Frá 1986 hefur aðalefnisyfirlitið verið gefið út í sérhefti og Alþingistíðindunum skipt í þingskjöl og umræður sem fyrr.

Blaðsíðufjöldi útgefinna þingskjala og umræðna frá 1845 til 2002 er tæplega hálf milljón blaðsíðna og hefur upplag Alþingistíðinda lengst af verið 600 eintök af hverju hefti. Með tímanum hefur letrið verið þétt og minnkað í þingtíðindunum svo hægt væri að koma meiri texta fyrir á hverri síðu.

Fyrst eftir endurreisn Alþingis voru frásagnir af þingfundum oft í ágripi eða óbeinni ræðu, en brátt voru allar þingræður ritaðar og prentaðar sem beinar ræður. Hraðritun kunnig enginn þingskrifari á 19. öld. Fyrsti hraðritarinn var ráðinn til þingsins 1917. Eftir það var alltaf reynt að ráða hraðritara eða aðra hæfa þingskrifara til starfa. Flestir reyndust mjög vel en inn á milli voru nokkrir sem ekki sinntu skrifunum eins vel og þeir áttu að gera. Í umræðum frá þinginu er hægt að lesa um óþolinmæði hjá þingmönnum yfir ræðuskilum, ræðurnar voru stundum illa unnar, komu seint eða alls ekki. Sem dæmi um það síðastnefnda finnst í umræðunni um fjárlög 1950 svohljóðandi setning: „*Einar Olgeirsson*: [Handrit að ræðunni hefur glatazt.]“ Einnig dróst mjög að prenta umræðuhluta þingtíðandanna.

Á fyrri hluta síðustu aldar fór jafnframt að bera á tillögum frá þingmönnum til sparnaðar með því að hætta útgáfu á umræðum, ef ekki alveg þá a.m.k. tímabundið. Voru færð rök með og á móti þessari ráðstöfun og er fróðlegt að fylgjast með þeim umræðum í þingtíðindunum því aldrei fór það svo að hætt væri við útgáfu umræðnanna.

Smám saman varð þingmönnum ljóst að þingtíðindin gæfu ekki sanna mynd af umræðum nema þingræður yrðu teknar upp. Frá 1. okt. 1952 hafa þingfundir verið teknir upp á segulband og ræðurnar vélritaðar eftir böndunum. Síðar bættust myndbandsupptökur og tölvuvinnsla einnig við.

Í þessu riti eru greinar um ræðuritunina og útgáfu á þingtíðindunum. Sagt er frá upphafi og aðdraganda segulbandsupptöku og þróun ræðuvinnslunnar. Fjallað er um breytingar á störfum ritara þegar tölvutæknin kom til. Greint er frá ritstjórnarreglum og gildi þingræðna við lagaskýringar.

Deilur um útgáfu Alþingistíðinda

Á fyrri helmingi 20. aldar var oft stungið upp á því að hætt yrði prentun Alþingistíðinda og jafnvel finnast tillögur þess efnis allt frá fyrstu áratugum Alþingis eftir endurreisn þess (sjá bænarskrár í viðauka). Ástæður voru af ýmsum toga, oftast vegna sparnaðar en stundum vegna þess hve útgáfan dróst eða vegna þess hve sumir þingskrifarar skiluðu ræðum seint. Í þessari samantekt er leitað fanga í Alþingistíðindunum og stiklað á stóru í umfjöllun um þau á 20. öldinni, og litið á hvað þingmenn hafa lagt til málanna um tilgang þess að gefa út ræður eða tilgangsleysi, kostnað við útgáfu og sparnað á þeim kostnaði.

Tillögur um að hætta prentun Alþingistíðinda

Árið 1909 var lagt fram frumvarp í neðri deild um breytingu á þingsköpum Alþingis. Flutningsmenn voru *Björn Jónsson* o.fl. Hinn 6. mars fór fram 1. umr. um frumvarpið. Þar sagði flutningsmaður í framsögu: „Frumv. það, er hér ræðir um, fer fram á að létt sé af þinginu lagaskyldu, er á því hvílir um það, að umræður á alþ. skuli birta, eins og venja hefir verið til.

Umræður um þetta mál hafa orðið nokkrar með þingmönnum á einkafundum og í fjárlaganefnd; hefir flestum komið saman um það, að æskilegt væri að spara þann kostnað, er leiðir af prentun alþt. með venjulegum hætti. ... Eg skal drepa á það, að í skjali, sem sent hefir verið til þingsins í dag er áskorun frá 40 prenturum hér í bænum um að fella þetta frv., af því að það baki svo mörgum mönnum atvinnutjón. En þótt eg vildi verða allra manna síðastur til þess að baka mönnum slíkt tjón, þá vil eg benda á það, að ef þingið ætlaði sér að hlaupa undir bagga í þeim efnun, þá mundi hlutverk þess verða æði umfangsmikið og vandasamt.“

Jón Magnússon svaraði og sagði: „Eg fyrir mitt leyti tel sjálfsagt að prenta umræðurnar, alveg eins og gert hefir verið áður – eða þá að prenta als ekki neitt. ... Það yrði óneitanlega mjög óviðkunnanlegt, ef prentaðar yrðu hér eftir umræðurnar á sumum þingunum, en ekki sumum, og stundum útdráttur að eins af þeim, en stundum nokkurn veginn eins og hingað til hefir tíðkast, því að það yrði eftir till. háttv. flutnm. (B. J.) alveg undir forsetunum komið, hvort nokkuð skyldi prenta eða ekki, og hve mikið prenta skyldi. ... Fyrir sögu landsins hefir það mikla þýðing, að umræðurnar á alþ. séu prentaðar; því verður als eigi neitað, vér værum nú miklum mun ófróðari um sögu landsins síðan um 1850, ef vér hefðum ekki alþt. Fyrir hvern þann, er rannsaka vill sögu landsins eftir þann tíma, eru þingtíðindin, ekki síst umræðuparturinn, óþrjótandi auðsuppspretta. Það má máské segja, að fyrir sagnfræðingana nægi að umræðurnar séu skrifaðar, og geymist í handriti; en fyrst er nú það, að

slíkt handrit er ekki svo vel aðgengilegt fyrir marga, og svo er hitt, að þá sparaðist ekki borgunin til ritaranna. Og að segja það, að blöðin geti flutt tíðindin af þinginu, það er ekki til neins, því að það er vitanlegt, að blöð vor eru eigi fær um, enn sem komið er, að flytja nema mjög ófullkomnar fréttir af þingi, svo að segja með höppum og glöppum.

Við skýringar þeirra laga, er frá þinginu koma, er það mjög mikilsvardandi að hafa þing-tíðindin, ekki síður oft og einatt umræðurnar, en skjölin; það vita allir þeir, er nokkuð hafa þurft að eiga við lögskýringar.

Eg tel það afturför, ef hætt yrði að prenta allt., þó ekki væri nema fyrir þá sök, að þau eru mörgum til fróðleiks og skemtunar. (Björn Jónsson: Skemtunin gæti verið ódýrri.) Getur verið, að ódýrri skemtun mætti fá, en hér er ekki að eins að ræða um gaman, heldur einnig gagn.“

Hinn 8. mars var 2. umr. um frumvarpið og sagði *Jón Ólafsson*: „En er hér ekki farið fram á það sama sem að halda þingið fyrir luktum dyrum, eða þó annað verra – að halda það í pukri? Hverjir af landsmönnum heyra það, sem hér fer fram? Pallarnir taka um 80 manns, en þangað komast ekki aðrir en þeir, sem duglegir eru að troðast inn, og ef litið er upp þangað, má ganga úr skugga um, að flestir, sem þar eru daglega eru unglingar, en kjósendur mjög fáir. – Raunar hafa nokkrir menn aðgöngu að hliðarherbergjunum, en flest er það kvenfólk og unglingar. Er þetta kjósendum landsins næg vitneskja um það, sem fram fer á þingfundum? Þó að skjalaparturinn og atkv.gr. sé prentað, þá er það með öllu ónógt. Nafnakall er ekki nema við stöku atkv.gr., og þó að nafnakall væri í öllum, þá væri það alsendis ónógt, því að óvíst er, hver ástæða dregur hvern til þess að vera með eða móti, hver getur haft sína ástæðu. Eg verð að telja þetta hið mesta haft og óviðurkvæmilegt í alla staði. Kjósendur eiga heimtingu á að vita, hverja skoðun vér höfum látið í ljósi.“

Það hefir verið sagt, að þingtíðindin væru lítið lesin. Eg veit, að þau eru víða talsvert mikið lesin. En þó að þau læsu ekki nema 2–3 menn í hverjum hreppi, þá er það þó mikilsvært, því að þeir geta þá frætt hina. Eins og ástandið er nú í landinu, þá eru alþingistíðindin hin eina fróðleiksuppspretta fyrir alþýðuna til að fræðast um pólitísk efni. Menntun kunnar að segja, að alþýða manna geti haldið blöð til þess að fræðast um þetta efni. En menn halda alment ekki blöð svo mörg, að nægi til að sýna álit frá fleiri hliðum, menn eru alment ekki svo efnum búnir, að menn geti það. Og það er verra en ekki að lesa blöð frá einni hlið. Það er vottur um ljósfélmi að þora ekki að láta sjá orð sín, láta kjósendur ekki fá að vita, hverjar efndir – eða vanefndir – hafi orðið á heitum þingmanna við kjósendur sína.“

Björn Jónsson: „Hitt er það, að það er þjóðin sjálf, almenningur út um land, sem hirðir ekki um að kynna sér það sem talað er á þingi fremur en ef það gerðist fyrir luktum dyrum. Hún hagnýtir sér ekki betur en það þennan dýrmæta fjársjóð, þessa miklu bók, alþingistíðindin, sem þjóðinni er send á landsins kostnað, og enginn eða varla nokkur maður les í heilum sýslum. Eg veit að þingtíðindin eru töluvert lesin sumstaðar, t. d. í Þingeyjarsýslu. En hvað sannar það?“

Þingeyingar lesa manna mest bækur, þeir eru alætur á prentað mál, ef svo mætti að orði kveða. Þeir lesa líklegast hverja bók, sem út kemur á íslenska tungu, spjaldanna á milli.“

Pétur Jónsson fann sig knúinn til að taka upp hanskann fyrir alþýðuna: „Eg tel það beinar öfgar hjá háttv. flutningsm. (B. J.), að menn í Þingeyjarsýslu séu nokkuð verulega frábrugðnir öðrum alþýðumönnum hér á landi, hvað lestrarfýsni og bókafróðleik snertir, sízt í hinum betri héruðum. Yfir höfuð að tala er íslensk alþýða mjög hneigð til bóka. Hitt getur verið, að einstaka hérað sé hér frábrugðið, en einmitt slík héruð ættu að standa til bóta.“

Jón Jónsson, þingmaður frá S.-Múl.: „Eg skal ekki lengja umræður um mál þetta, en vil að eins spyrja, hvort háttv. 1. þm. Húnv. (H[álfdan] G[uðjónsson]) hafi lesið æfisögu Péturs biskups. Skyldi hún hafa verið eins skýr, hefðu þingtíðindin frá því um miðja síðustu öld ekki verið til? Mér væri líka forvitni á að vita, hvernig hann hugsar sér skrifaða væntanlega æfisögu Jóns Sigurðssonar án þingtíðindanna.“

Í lok 2. umr. var samþykkt með 13 atkvæðum gegn 10 að skipa þriggja manna nefnd í málið. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni og málið varð eigi útrætt.

Hár prentunarkostnaður

Næst er að finna umfjöllun um þingtíðindi árið 1917. Hinn 13. júlí talaði *forseti efri deildar, Guðmundur Björnson*, um hve dýrt væri að gefa Alþingistíðindi út og sagði m.a.: „Tel jeg rjett að vekja fulla athygli á því, að hverja háltímaræðu kostar nú 30–40 krónur að gefa út. Er vert, að allir háttv. þingmenn hafi þetta vel í huga, og fyrir þá sök mun jeg ekki boða til þingfunda ef mjög fátt og lítið er fyrir hendi til að taka á dagskrá. Enda eru það yfirleitt hyggindi mest framan af þingi, meðan allar nefndir standa í mestu annríki, að tefja þingmenn sem minst frá þeirri nytsömu vinnu, sem er svo miklu heilladrýgri í hverju vandamáli en langt þref á þingfundum.“

Árið 1919 lögðu *Einar Arnórsson* o.fl. fram frumvarp í neðri deild um breytingu á þing-sköpum Alþingi sem hljóðaði svo:

„Þingskjöl og atkvæðagreiðslur á Alþingi skal prenta í Alþingistíðindum.“

Í upphafi greinargerðarinnar sagði:

„Prentunarkostnaður er nú orðinn gífurlega hár, og prentun fyrir þingið eykst ár frá ári. Þegar þar við bætist, að meðan þingræður eru ekki braðritaðar geta þær aldrei, þótt prentaðar sje, orðið sannur spegill af umræðunum eins og þær eru fluttar, virðist rjett að spara kostnað við prentun þeirra. Vitanlega verða handrit ræðnanna að sjálfsgöðu geymd í skjalasafni þingsins.“

Var frumvarpinu vísað til 2. umr. og 12. sept. fór hún fram. Þar sagði *flutningsmaðurinn Einar Arnórsson* m.a.: „Það er óvíst, að þingræðurnar á Alþingi sjeu þær gullnámur, að vert sje að leggja þetta í kostnað, til þess að koma þeim á prent. Við flm. frv. álitum þær ekki vera þess verðar.“

Ef um það væri að ræða, að ræðurnar væru birtar með sama efni að öllu leyti, sem þær voru haldnar, þá mætti segja, að gefin væri rjett mynd af því, sem hjer er sagt. (Atvinnu-málaráðh. [Sigurður Jónsson]: Og orðfæri). Jeg er nú svo frjálslýndur, að jeg leyfi orðabreytingar. En því er ekki að heilsa. Það þarf ekki annað en líta á leiðrjettungarnar og bera þær saman við það, sem maður heyrði þm. segja, til þess að ganga úr skugga um, að þetta er ekki rjett mynd. Hárrjett mynd næst ekki fyr en hægt er að fá þaulæfða hraðritara til þess að skrifa ræðurnar um leið og þær eru haldnar. ...

Þingtíðindin stækka ár frá ári, því að málunum fjölgar, sem vonlegt er, þar sem fleiri mál kalla að. Auðvitað er það ekki tilgangurinn að ræðurnar verði ekki skrifaðar, leiðrjettar og geymdar í skjalasafni þingsins. Það er á valdi hvers eins að birta ræður sínar. Fæstir munu vera svo heillum horfnir, að þeir geti ekki birt ræður sínar í blöðum. Hins vegar lesa fáir þingtíðindin.“

Magnús Pjetursson vildi þá láta hætta öllum umræðum: „Ef á að taka upp þann sið, að hætta að prenta ræðurnar, þá finst mjer rjettast að hætta að tala á Alþingi – Jeg geri ráð fyrir, að þingtíðindin sjeu hið eina, sem kjósendur geta haft til þess að hafa hendur í hári okkar fyrir, þegar við komum heim, svo framarlega sem nokkuð er sagt. ... En ef á að fara að spara þinghaldið á annað borð, þá er best að ganga lengra. Mætti t. d. fækka þm., ákveða, að þingið skuli aldrei standa lengur en þetta og þetta og hætta öllu skrifarahaldi. Einnig mætti og hætta að prenta till. og hafa þgskj. skrifuð. Þannig fengju þá hv. flm. breiðari veg til sparnaðar, sem jeg vil hjer með benda þeim á, úr því þeir eru hvort sem er komnir út á þann breiða veg í þessu efni.“

Sveinn Ólafsson sagði: „Jeg sje enga ástæðu til að hætta að prenta umræður þingtíðindanna, eins og stendur, því að sparnaðurinn við það er ekki ýkjamikill, og víst væri sá sparnaður lítilfjörleg yfirbót þess, sem syndgað hefir verið á þessu þingi um eyðslu. ... En svo er önnur leið í þessu máli, sem snýr að almenningi. Þingtíðindin eru eitt af þeim menningargögnum, sem fólkið má ekki missa. Þau halda þjóðinni, ef svo mætti segja, í lifandi sambandi við þingið, og þess vegna eru þau eins og spegilmynd af því, sú ábyggilegasta, sem þjóðin hefir. Að minsta kosti eru þingtíðindin mjög mikið lesin þar sem jeg þekki til, ekki skjalaparturinn, heldur umræðurnar. Reynsla mín er sú, að þau ganga sjer til húðar mann frá manni, og fá færri en vilja.“

Bjarni Jónsson vildi kenna skrifurunum hraðritun: „Hitt er rjett, sem minst hefir verið á hjer, að ræðurnar eru meira og minna ófullkomnar, af því það sleifarlag er á hjer, að skrifarar eru látnir nota snarhandarskrift. Í stað þess ættum við að segja okkar góðu skrifurum, að læra hraðritun. Þá væri þessu kipt í lag, og engin hætta á, að meiningunni væri snúíð við. En þá mætti ekki heldur leiðrjetta neitt, nema skakkar málmyndir eða því um líkt. Má vera, að þetta sje eina málið, sem fer fram á sparnað á þingi. En þá verður manni að spyrja, hvort þessi sparnaður borgi sig, hvort ekki sje verið að taka það, sem við megum ekki missa.“

Jón Magnússon forsætisráðherra vildi betra skipulag á umræðurnar: „Hjer á þingi er talað alt of mikið. Vaðallinn er oft meiri en svo, að taki nokkru hófi. Þingmenn þurfa oft að rísa upp hver eftir annan í tiltölulega nauðaómerkilegum málum, til að segja næstum alveg það sama. Vegna þess verða þingtíðindin lengri tiltölulega hjá okkur en öðrum þjóðum. Jeg álit því rjett að stytta ræðurnar talsvert. Og ætti auðvitað að fela það sjerstakri nefnd, sem til þess væri kosin. Kostnaður við allar þessar ræður er meiri, en hann þyrfti að vera. Hjer þurfa oft allflestir þm. að taka til máls í hverju máli, í staðinn fyrir að annarsstaðar eru það venjulega að eins framsm. nefnda, og má ske einn maður úr hverjum flokki.“

Frumvarpið var afgreitt breytt frá neðri deild með 13:12 atkvæðum þannig að Alþingi gæti frestað prentun umræðna fyrir eitt þing í senn og því vísað til efri deildar. Þar tók enginn til máls um frumvarpið og í atkvæðagreiðslu við 2. umr. 23. sept. 1919 var síðan 1. gr. frumvarpsins felld, að viðhöfðu nafnakalli, með 7:7 atkvæðum.

Tillaga um að fella niður prentun

Árið 1922 var aftur lagt fram frumvarp um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna. Flutningsmenn voru *Einar Þorgilsson* o.fl. 1. gr. hljóðaði svo: „*Þangað til öðruvísi verður ákveðið skulu ákvæði 52. gr. laga nr. 29 frá 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, einungis koma til framkvæmda að því er snertir þingskjöl og atkvæðagreiðslur um þau.*“ Voru rökin fyrir þessari breytingu þau að brýna nauðsyn bæri til að spara vegna fjárkreppu og örðugs fjárhags ríkissjóðs en „þó einkum þau útgjöldin, sem ekki miða að neinu leyti til viðhalds eður viðreisnar atvinnuveganna. Meðal þeirra útgjaldaliða ríkissjóðs, sem brýnust þörf virðist að lækka, er alþingiskostnaðurinn, er mun hafa orðið um 355 þús. kr. árið 1921. Þar af er talið, að prentun umræðuparts Alþingistíðindanna hafi numið rúmum 50 þús. kr., að meðtöldum pappír í hann og öðrum kostnaði, er leiðir beint af prentun þessa parts.“

Fjárhagsnefnd klofnaði í afstöðu sinni til frumvarpsins og umræður í neðri deild fóru fram 6. mars 1922. *Framsögumaður meiri bluta fjárhagsnefndar, Jakob Möller*, sagði: „En fyrir augum meiri hl. nefndarinnar er fjárhagshlið málsins engan veginn aðalatriðið, heldur hitt, að það verður að teljast alveg ósæmilegt að loka þannig þinginu fyrir öllum landslýð. Þó að fáir kaupir nú þingtíð., þá eiga þó allir landsmenn þess kost að fá þau og lesa allar ræður, sem hjer eru fluttar. – Og allir landsmenn eiga fulla kröfu til þess að fá að sjá og heyra alt, sem hjer fer fram. Engum hv. þm. kemur til hugar að leggja það til, að þing verði háð fyrir luktum dyrum, í því skyni að spara kostnað við pallavörslu, ræsting o. fl., sem af því leiðir, að almennigur hefir aðgang að þinginu. Sá kostnaður nemur þó nokkrum þús. á ári. En hvaða sanngirniskröfu eiga þessir fáu menn, sem komast fyrir hjer á áhorfendapöllumum, umfram aðra landsmenn til þess að fá að sjá og heyra það, sem hjer fer fram?“

Framsögumaður minni bluta fjárhagsnefndar, Þorleifur Guðmundsson, sagði: „Er það og

alkunna, að þegar þessar þykku bækur eru loksins komnar út til sveitanna, þá er tæplega hægt að segja, að hreyft sje við þeim. Hefi jeg sjálfur kynt mjer þetta og sjeð með eigin augum, að óskorið hefir verið upp úr fjölda þeirra. Ef maður svo rekst á blað og blað, sem skorið hefir verið upp úr, þá sjer maður brátt, að ástæðan hefir verið sú, að lesandi hefir þar haft veður af skemti- eða skammaræðu, og finst mjer óþarft að leggja í mikinn kostnað, bara til að ala á slíkri skemtanafýsn landsmanna.“

Frumvarpinu var vísað til efri deildar og í 2. umr. þann 24. mars kom m.a. fram hjá *forsætisráðberru Sigurði Eggerz*: „Jeg sje ekki, hvernig þjóðin á að geta fylgst með störfum Alþingis, ef hætt verður að prenta Alþingistíðindin, því að þó að blöðin flytji frjettir af Alþingi, þá gefa þær mjög ófullnægjandi mynd af því, sem hjer fer fram, og minst af öllu er hún sönn, því þeir, sem ekki eiga upp á pallborðið hjá blöðunum, mega ýmist eiga von á því, að orð þeirra sjeu ranghermd eða þá þagað yfir öllu, sem þeir segja, sem af viti er, ef það kynni að hækka þá í álitu hjá þjóðinni.“

Framsögumaður fjárhagsnefndar efri deildar, Sigurður Hjörleifsson Kvaran, lagði til að frv. yrði fellt og sagði við 3. umr. 30. mars að „... ekki sje ástæða lengur til þess að grípa til þess örþrifaráðs að hætta prentun umræðupartsins með öllu, enda hefir það verið sýnt og sannað með fullum rökum, að mikill aukakostnaður yrði því samfara, svo gróðinn yrði lítill, en óhagnaður og óþægindi veruleg“. **Frumvarpið var síðan fellt við 3. umr. í efri deild.**

Frumvarpið var aftur lagt fram 1924 á þskj. 82 en nú í efri deild. Flutningsmenn voru *Jón Magnússon* o.fl. Í greinargerð með því sagði: „Það er sammæli flestra manna, að aldrei hafi verið meiri þörf á að spara gjöld landssjóðs og draga úr þeim á hvern þann hátt, er má. Nú er það eftir reynslu hinna síðari ára bert, að það mundi allverulegur sparnaður í því fólginu að fella niður prentun umræðuparts Alþingistíðindanna. En með því að telja verður, að það sje forsvaranlegt að láta vera að prenta umræðurnar, er lagt til, að þetta verði gert í sparnaðarskyni. Giska má á, að með því sparist um 20000 krónur fyrir hvert þing. Gert er ráð fyrir, að forsetar ákveði það, hvernig geyma skuli skrifadar ræður og hver aðgangur verði fyrir stjórn, þingmenn og aðra til að kynna sjer þær.“

Í umræðunum 8. mars 1924 kom m.a. fram hjá *flutningsmanni Jóni Magnússyni* að gert væri ráð fyrir því „að skrifa umræðurnar, og geyma þær í svo sem fjórum eintökum, eitt eintakið þá í Þjóðskjalasafninu, til afnota fyrir þá fáu, er athuga vilja þær fyrir sögu landsins. Til þess, að lögfræðingar eigi hægra með að skýra lögin, tel jeg ekki nauðsynlegt að prenta þær, því síður sem mjer finst oftast nær fremur lítið að græða á umræðunum í þessu efni, altaf minna og minna. Þar að auki altaf hægt að ná í eitthvert hinna skrifuðu eintaka, ef mikils þykir við þurfa. Þá er loks þessi ástæða, að þjóðin eigi heimtingu á að sjá umræðurnar prentaðar. Jeg efast um, að þjóðin kæri sig svo afarmikið um það nú orðið. Að minsta kosti bendir ekki á það kaupendatalan. Hún er nú aðeins tæpir 70, og 25 þar af í Reykjavík. Árið 1922 voru þeir 115, og þar af 25 í Reykjavík. Fækkaði því kaupendum, er verðið hækkaði.“

Forsætisráðherra Sigurður Eggerz: „Jeg skal þegar taka það fram, að jeg hefi altaf verið á móti þessu máli. ... Almenningsálitið hefir mikla þýðingu hvað stjórn málin snertir, en til þess að það verði reist á rjettum grundvelli, verður þjóðin að fá að vita hvað fulltrúar hennar segja á Alþingi. ...

Mig langar til að beina þeirri spurningu til þessarar hv. deildar, og þá sjerstaklega til hv. flm., hvort það eigi sjer stað í nokkru öðru landi hins mentaða heims, að þingtíðindi sjeu eigi prentuð.“

Allsherjarnefnd varð ekki ásátt um frumvarpið og skilaði meiri hluti nefndarinnar áliti um samþykkt þess en minni hlutinn vildi fella það. Við 3. umr. í efri deild spunnust þó nokkrar umræður um málið og sagði *Ingvar Pálmason* m.a.: „Þá vil jeg aðeins minnast á sparnaðarstefnu þá, sem frv. markar. Stefnir hún einungis að því að spara á landsmönnum utan Reykjavíkur. Hefðu því háttv. flm., ef þeir hefðu viljað vera sjálfum sjer samkvæmir, átt að leggja til, að áheyrendapöllunum hjer væri einnig lokað. Því að það væri líka sparnaður fyrir Reykvíkunga að þurfa ekki að tefja sig með því að vera að hlusta á umræðurnar. Í því væri líka fólgið meira jafnrjetti, því að úr því að þinginu er lokað fyrir nokkrum hluta landsmanna, má alveg eins loka því fyrir öllum.“

Frumvarpið var samþykkt í efri deild með 8:6 atkv. en í neðri deild var það fellt við 1. umr. þann 22. mars.

Fleiri sparnaðartillögur

Þingmenn gáfust ekki upp við að reyna að spara prentkostnað. Stuttu eftir að frumvarp Jóns Magnússonar hafði verið fellt lagði *Jón Þorláksson fjármálaráðherra* fram breytingartillögu á þskj. 261 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925 um að „*alþingisforsetum sé heimilt að ákveða til sparnaðar, að niður skuli falla prentun á umræðuparti Alþingistíðinda*“. Hélt umræða áfram á sömu braut, sumir þingmenn vildu spara prentkostnað umræðupartsins en aðrir héldu því fram að verið væri að loka þinginu fyrir þjóðinni. Einnig kom fram að nær væri að halda þing annað hvert ár og spara þannig heldur en að svipta kjósendur þingtíðindum. Menn töldu að hægt væri að finna aðrar leiðir til sparnaðar, t.d. mætti stytta umræðupartinn með því að takmarka ræðutíma þingmanna eða að í hverju máli töluðu aðeins framsögumenn frá hverjum flokki, svo og frá nefndunum. Þessari breytingartillögu var vísað frá samkvæmt úrskurði forseta og kom hún því ekki til atkvæða.

Á þinginu 1935 kom fram breytingartillaga við fjárlög sem gerði ráð fyrir 60 þúsund króna sparnaði með niðurfellingu á ritun þingræðna og prentun umræðuparts. Jafnframt hafði svipuð breytingartillaga verið lögð fram árið áður en henni verið vísað frá af forseta.

Í umræðunum um breytingartillöguna í desember kom meðal annars fram hjá *Finni Jónssyni*: „Ég hefi tekið eftir því, að hv. fjvn. hefir gert ráð fyrir því í brtt. sínum, að þing-

kostnaðurinn verði lækkaður niður í 185 þús. kr., úr 245 þús. kr. ... Hv. fjvn. segir í 9. gr. nál., að þessi sparnaður byggist á því, að hætt verði að skrifa ræður þm. og felld verði niður prentun á umræðupartí Alþingistíðindanna. Eins og ég drap á áðan, þá er þetta lokun á þinginu fyrir öðrum en þeim, sem geta hlustað á ræður þm. á áheyrendapöllumum. Ég held, að það megi teljast eins dæmi um þingsamkundur í lýðræðislöndum, að gert sé ráð fyrir slíkri lokun á þingi. Og það væri einkennilegt, ef Alþingi Íslendinga, sem stæra sig af því að eiga elztu löggjafarsamkundu heimsins, gengi á undan öðrum þjóðum í því að loka þinginu fyrir þjóðinni.“

Bjarni Bjarnason: „Ég hygg, að þarfara væri að verja því fé, sem fer í þessa prentun, til margs annars, t. d. að einhverju leyti til atvinnuveganna eða til verkafólksins. Ég álít algert ósamræmi í því, að fé skuli vera eytt í slíkan óþarfa, sem hér um ræðir, samtímis því sem menn eru í vandræðum með marga óhjákvæmilega útgjaldaliði. Verði þetta samþ., þá leiðir það auðvitað af sjálfu sér, að skjalaparturinn og öll nál. verða mun nákvæmari, og í þeim getur komið fram stefna manna í málunum. Ennfremur verða tíðari nafnaköll þessu samfara en nú, þegar hver þm. getur haldið ræðu, sem hann veit, að verður prentuð, í þeirri von, að hún verði lesin af fjölda manna úti um land.“

Þann 7. des. 1935 skrifuðu innanþingssskrifrar undir mótmæli gegn tillögu fjárveitinganefndar um að fella niður þingskriftir og prentun á umræðupartí Alþingistíðinda. Hvort sem það hafði áhrif eða ekki var **breytingartillagan felld að viðhöfðu nafnakalli 11. des. 1935** og sagði *Ólafur Thors* við það tækifæri: „Í trausti þess, að gerð verði ýtarleg tilraun til þess að endurbæta þingskriftirnar, þannig að þær komi að öðru og meira liði en nú er, því að sannast að segja eru margar þingræður svo illa skrifaðar, að maður skammast sín fyrir og nennir ekki að leidrétta þær, þá ætla ég ekki að samþ. till. og segi því nei, en áskil mér rétt til þess við 3. umr. að vera með brtt., sem lýtur að því að spara þennan lið, ef ekki verður séð fyrir einhverjum endurbótum á þingskriftunum. (M[agnús] T[orfasón]): Það er ómögulegt að skrifa ræður eftir lélegum ræðumönnum).“

Gildi Alþingistíðinda

Stuttu seinna var felld önnur **breytingartillaga** sem fól í sér að fresta ritun þingræðna og prentun umræðupartis. *Jónas Jónsson* hafði lagt fram breytingartillögu í efri deild á þskj. 755 við frumvarp neðri deildar um bráðabirgðabreytingu laga um útflutningsgjald. Þessi breytingartillaga kom ekki til atkvæða því *Eysteinn Jónsson fjármálaráðberra* lagði fram breytingartillögu svipaðs efnis sem var samþykkt: „Á árinu 1936 skal fella niður prentun umræðupartis Alþingistíðindanna, og tekur það einnig til umræðna frá Alþingi 1935.“

Í umræðum um breytingartillöguna í efri deild 12. des. 1935 kom eftirfarandi fram hjá *Jóni Baldvinsyni*: „Það hefir stundum verið gripið til þess að fara í prentun Alþt. og reyna

að spara á því að hætta að prenta þingræður. En till. um það hafa jafnan fallið, því að þegar til kastanna hefir komið, þá hafa menn ekki viljað missa þá þingheimild, sem felst í umr., þó að menn verði að játa, að þar kemur ekki allt að miklu gagni. Umr. á Alþ. eru oft nauðsynlegar skýringar við l., og veit ég til þess, að dómara hafa notað þær til þess að byggja dóma á þeim. Það hefir líka verið síður fjmrh., að þeir hafa þráfaldlega farið í umr. um fjárl. til þess að sjá, hvernig hugur fjvn. hefir verið, þegar hún bar fram ýmsar brtt. við fjárl., og hver ætlun hennar hefir verið með þeim. Umræðupartur Alþt. hefir einnig verið bráðnauðsynleg handbók fyrir stofnanir stjórnarráðsins. Í öllum deildum stjórnarráðsins er það venja, að þegar gefnar eru út reglugerðir vegna l., sem samþ. hafa verið á Alþ., og eru oft lítið annað en ákvæði um það, að þetta eða hitt eigi að ákveða með reglugerð, þá er farið í umræðupart Alþt. til þess að sjá, hvernig fyrirkomulagið á að vera eða hvað á að setja í reglugerðirnar. Þar að auki er það merkilegt mál fyrir Alþ., og ekki alveg vansalaust fyrir það að ætla nú að hætta að skrifa umr. á Alþ. og prenta þær, þegar þess er gætt, að þær hafa verið prentaðar allt frá þeim tíma, er Alþ. var endurreist árið 1845. Á öllum þeim þingum, sem síðan hafa verið haldin, hafa umr. verið skrifaðar og prentaðar, og það á hinum örðugustu tímabilum, svo sem á harðindakaflanum eftir 1880. ...

Það eru til margskonar aðrar aðferðir til þess að draga úr kostnaði við þinghaldið. Ef þm. vilja, þá má t.d. takmarka ræðutíma þm., enda er það eðlilegt, að ekki sé nema einn frsm. í hverju máli frá hverjum flokki. Þetta er búið að gera í nágrannalöndum okkar, þar sem það eru kannske yfir 100 menn, sem sitja á þingi, enda væri ekki gott, að allir tækju til máls, því að þá myndi afgreiðslu mála aldrei vera lokið. Það verður því að hverfa að því ráði að takmarka ræðutímann, svo að umr. verði ekki óþarflega langar. Það er margt sagt, sem þm. hafa gaman af að segja, en það er ekki allt þarft, og mætti að skaðlausu draga úr því.“

Daginn eftir hélt umræðan áfram. *Jón Baldvinsson*: „Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til sparnaðar á prentuninni af forsetum, með því að ákveða að hafa miklu smærra letur á þingtíðindunum heldur en áður, svo að þau verða miklu fyrirferðarminni og prentunin þó ekki dýrari á hverja örk, þó að miklu meira lesmál sé þar en áður.“

Sigurjón Á. Ólafsson: „En í þessu sambandi hefir ekki verið minnst á þá stétt, prentara, sem leysa þetta starf af hendi. Ég vil benda á, að á næsta ári mun óttinn við það, að þröngt verði í búi og kaupgeta almennings lítil koma niður á bóka- og blaðaprentun, og þá koma harðast niður á þeim, sem að henni hafa unnið, sem sé prenturum. Á slíkum tíma sem þessum er það ekkert lítill póstur fyrir þessa stétt, að hætt sé að prenta þingtíðindin, en fyrir það er greitt nálega 40 þús. kr. ... Það er því ekki nema eðlilegt að prenturum þyki það kuldaleg jólagjöf frá Alþ. að ætla nú að fella niður á næsta ári þennan vísi til lífsframsferis fyrir þá. Ég vil líka benda á, að ríkið á fyrirtækið, sem vinnur að þessu, svo þetta er í rauninni að láta úr einum vasa í annan.“

Þorsteinn Þorsteinsson: „En ég verð að segja, að fyrir aldamót var viðhorf þessara mála allt

annað en nú. Þá var þingið aðeins háð annaðhvort ár, og öll þingtíðindin voru þá ekki meira en $\frac{1}{3}$ – $\frac{1}{4}$ af umræðupartinum eins og hann er núna árlega. Þá var umræðuparturinn aðalfréttirnar af þinginu, og var hann lesinn á mörgum sveitaheimilum á kvöldvökunum fyrir allt heimilisfólkið. Nú les varla nokkur maður þingtíðindin, enda koma þau ekki fyrir en ári eftir að ræðurnar eru fluttar og áhugi almennings fjarður út fyrir þeim málum, en ný áhugamál komin í staðinn.“

Breytingartillagan var samþykkt í efri deild og fór því frumvarpið til einnar umr. í neðri deild, svo breytt. Þar lagði *Jörundur Brynjólfsson* fram breytingartillögu við frumvarpið og var hún felld með 16:15 atkv. þann 20. des. 1935.

Lokaorð

Á þeim 157 árum sem liðin eru frá endurreisn Alþingis hefur oft gustað um þingtíðindin, þ.e. umræðuhlutann, umræðurnar hafa þótt vaðall og endileysa, þingskrifarar ekki skrifað rétt eða glatað ræðum, prentun hefur dregist úr hófi og prentkostnaður þeirra þótt mikill þegar að kreppti í ríkisútgjöldum. Margar tillögur voru lagðar fram um að hætta prentun umræðuparts Alþingistíðinda og ýmis rök tínd til því til stuðnings. Lengst náðu hugmyndir um breytingar árið 1922 þegar frumvarp þar að lútandi var ekki fellt fyrir en við 3. umr. í seinni deild eins og áður er rakið. Oft voru breytingarnar felldar naumlega – en aldrei náðu tillögur þingmanna um niðurfellingu umræðupartsins fram að ganga. Umræðurnar eru merkileg heimild um sögu landsins, þar er að finna mikilvægar upplýsingar fyrir kjósendur um afstöðu þingmanna og gögn sem auðvelda lögskýringar. Eftir 1936 finnast ekki tillögur um að hætta prentun umræðna en brátt fréttist af nýrri hljóðupptökutækni sem var að ryðja sér til rúms og þó seinni heimsstyrjöldin tefði framgang málsins þá varð niðurstaðan sú að segulbandsupptaka á þingfundum hófst á Alþingi 1. okt. 1952.

Með nýrri tækni á síðasta áratug hefur reyndin orðið sú að nú horfa fjölmargir á beinar útsendingar frá þingfundum í sjónvarpi eða á netinu og lesa umræðurnar á vef þingsins eða í prentuðum heftum. Alþingi er því opnara en nokkru sinni fyrir og þjóðin hefur aldrei haft jafngreiðan aðgang að störfum þingsins.

Vigdís Jónsdóttir
forstöðumaður
(2002)

Heimildir: *Alþingistíðindi*.

Vélræn upptaka þingræðna

Í heimildum þingsins er að finna ýmis gögn sem sýna það að margir þingmenn hafa verið áhugasamir um tækninýjungar. Árið 1939 barst fjárveitinganefnd tilboð frá Ósló í hljóðrita (Ediphone) handa Alþingi en ekkert varð úr framkvæmdum vegna styrjaldarinnar. Einnig er að finna frá forsetafundi í nóvember 1941 uppástungu um „að hafizt yrði handa um að taka raddir þingmanna á grammófónplötur til geymslu í þinginu í sérstöku safni“. Sneru forsetar sér til Ríkisútvarpsins og lagði útvarpsstjóri til að raddtökunni yrði hagað þannig: „Alþingismenn komi í útvarpssal á tímabilinu 9–12 árdegis, og sé fyrst um sinn gert ráð fyrir, að þrjár raddir verði teknar upp á hverri klukkustund. Hver þingmaður tali í allt að 2 $\frac{1}{2}$ mínútu. Hver plata kostar upptekin 30 kr.“ Ekki finnast merki þess hjá Ríkisútvarpinu að þetta hafi komist í framkvæmd.

Þingræður teknar á hljóðnema

Árið 1945 var útbýtt tillögu til þingsályktunar frá Jónasi Jónssyni frá Hriflu um breytta tilhögun á útgáfu Alþingistíðinda. Hún hljóðaði svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi þá breytingu á útgáfu Alþingistíðindanna, að ræður þingmanna verði framvegis teknar á hljóðnema og síðan prentaðar, eigi síðar en að missiri liðnu, eftir því handriti, sem á þann hátt væri fengið.“

Með þingsályktunartillögunni fylgdi greinargerð: „Á þessu ári er liðin ein öld síðan Alþingi var endurreist. Hafa ræður þingmanna jafnan verið prentaðar síðan 1845, en undirbúningi verksins háttað á meira en einn veg. Framan af árum var gerður ýtarlegur útdráttur úr ræðum þingmanna, en ræðurnar yfirleitt birtar í mjög stytta formi. Síðar var þingskrifurum falið að ná efni og orðalagi þingmanna, eftir því sem kostur var á. Síðan lásu þingmenn eða umboðsmenn þeirra ræðurnar í handriti og leiðrétta þar það, sem þeim þótti miður fara. Á þennan hátt voru þingmenn ábyrgir um efni og form ræðupartsins. Þar stóð ekki annað en það, sem þingmenn höfðu sagt eða vildu hafa sagt. En á síðustu árum varð á þessu breyting. Þingin urðu lengri og lengri, stundum hálf t. árið eða meira. Án þess að það verði útskýrt hér, hafði hinn langi þingtími þau áhrif á þingmenn, að þeir hættu nálega allir að leiðrétta ræður sínar. Tvær breytingar urðu nokkurn veginn samtímis, báðar óbagstæðar góðum frágangi þingtíðindanna. Það fór að verða meiri örðugleikum bundið en fyrr að fá nógu marga vel undirbúna þingskrifara. Eru margir þeirra að vísu mjög vel fallnir til starfans, en aðrir miður, hafa fleiri störfum að gegna og grípa þingskrifitir mitt í önnum við önnur störf. Þegar svo bætist þar við, að þingmenn laga ekki handrit skrifaranna, eins og fyrr, og skrifstofan hefur ekki rétt til að breyta neinu nema ritvillum, er auðskilið, að mikið af handritum þingtíðindanna er í allt öðrum búningi en vera ætti, efni víða breytt óviljandi fyrir misskilning þingskrifara og allsherjar birðuleysi um frágang þingtíðinda. ...“

Á síðustu árum áður en núverandi styrjöld skall á beittist fjárveitinganefnd fyrir því, að úr þessu yrði bætt, og stóð í sambandi við forstöðumann landssímanns um útvegum á bentugum tækjum, til að taka á hljóðnema ræður þingmanna, um leið og þær væru fluttar. Var mál þetta þá vel á veg komið, en litlu síðar hófst styrjöldin, og urðu þá um stund erfiðleikar á um útvegum tækjanna. En nú mun svo komið, að um verulega framför sé að ræða að því er varðar tækni í þessu efni á allra síðustu árum. Virðist því tímabært að taka málið að nýju til meðferðar. Ef Alþingi samþykkir þessa tillögu, mundi ríkisstjórnin hafa aflað nauðsynlegra tækja fyrir haustþingið. Er það litlum erfiðleikum bundið, því að viðunanlegir hljóðnemar eru nú þegar notaðir daglega í skrifstofum hér í bænum. Þingmenn yrðu að tala úr ræðustól, og verður það að teljast útlátalaust. Mundi að öllum líkindum fremur fækka en fjölga ræðum. Skrifstofa Alþingis mundi síðan búa ræðurnar undir prentun og engu breyta nema því, sem bersýnilega væri ofaukið, eins og byrjun á setningum, sem ræðumaður hefði ekki lokið við. Með þessum hætti yrðu þingræðurnar fullkomin og óvefengjanleg söguleg heimild. En á því er mikill misbrestur eins og framkvæmd undirbúnings þingtíðinda er nú háttad. ...“

Þann 24. jan. 1945 var tillagan rædd. Þá mælti *flutningsmaður Jónas Jónsson*: „Eins og tekið er fram í grg. þessa máls, er þetta mál ekki nýtt hér, heldur hefur það verið til meðferðar áður fyrir nokkrum árum. Og þessi breyting, sem hér um ræðir, er ekki annað en eðlileg afleiðing af þeim framförum, sem hafa orðið á tækni á margan hátt. Það er okkur öllum ljóst, að Alþingistíðindin í núverandi mynd eru ekki sönn mynd af því, sem gert er á Alp., þó að starfsmenn þingsins geri skyldu sína eftir því, sem hægt er að búast við eftir núverandi kringumstæðum. Það má segja, að það er úrelt aðferð, sem beitt er í þessu efni, jafnvel þó að hraðskrift sé á því. En með því eina móti að taka ræðurnar upp á hljóðnema nást þær eins og þær eru talaðar, þá er engin breyting. Ég hygg, hvort sem þetta mál verður samþ. eða ekki, þá verði því ekki neitað, að þróunin gengur í þessa átt. Ef menn vilja gefa út Alþingistíðindi og hafa heimildir, verður að vanda til þeirra á þennan hátt, en ekki annan.“

Gunnar Thoroddsen vildi að málið yrði tekið til rækilegrar athugunar fyrir næsta þing, en það yrði ekki bundið við að taka ræðurnar á hljóðnema, heldur þyrfti að undirbúa nýtt skipulag um ritun þingræðna yfirleitt og prentun þeirra.

Málinu var vísað til allsherjarnefndar og skilaði hún breytingartillögu með rökstuddri dagskrá á þskj. 1104 þar sem ekki var tekin afstaða til tillögugreinarinnar um að ræður þingmanna yrðu teknar upp á hljóðnema heldur fjallað almennt um að ræður þingmanna yrðu framvegis skráðar svo nákvæmlega sem auðið væri og þeim síðan skilað fljótt í tveimur eintökum, öðru handa ræðumanni til athugunar, en hinu til skrifstofu Alþingis. Jafnframt skyldi hraða svo sem unnt væri útgáfu ræðuparts Alþingistíðinda og yrðu ræðurnar gefnar út eigi síðar en hálfum mánuði eftir flutning þeirra.

Forseti tók málið af dagskrá og varð ekki frekari umræða um tillöguna eða breytingartillögu nefndarinnar.

Tilraunir með hljóðupptöku

Árið 1948 var gerð tilraun í efri deild með hljóðupptöku á stálþráð á tæki sem útvarpið átti. Var hljóðnemi hengdur í ljósakrónu en upptakan þótti ekki góð til afskriftar. Í framsöguræðu meiri hluta fjárveitinganefndar í fjárlagaumræðunni 1948 fyrir fjárlög 1949 sagði *Gísli Jónsson* að nefndin hefði rætt við skrifstofustjóra Alþingis um möguleikann á því að spara allverulega upphæð með því að nota meiri tækni við þingskriftir og jafnframt um niðurfellingu útgáfu ræðupartsins. Við það mundi sparast allmikið fé.

Snemma árs 1949 fór *Magnús Jóhannsson* frá Radíó- og raftækjastofunni til New York og keypti segulbandstæki. Þann 25. apríl 1949 voru formlegar upptökuprófanir í efri deild og var hljóðnemi fluttur í snatri milli ræðumanna. Þessi upptaka tókst prýðisvel og er enn til og áheyrileg.

Tillögur um vélræna upptöku

Hinn 3. maí 1950 (í lok þings) var lögð fram í sameinuðu þingi þingsályktunartillaga á þskj. 620 um vélræna upptöku á þingræðum. Flutningsmenn voru *Þorsteinn Þorsteinsson* og *Páll Zóphóníasson*. Tillögugreinin hljóðaði svo:

„Alþingi skorar á forseta Alþingis og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til, að umræður á Alþingi verði teknar á stálþráð, plastþráð eða plötur, ef hagkvæmara þykir, og hafa lokið öllum undirbúningi fyrir næsta reglulegt Alþingi, þannig að þingskriftir hverfi þá að mestu eða öllu leyti.“

Í greinargerð með tillögunni sagði:

„Það er viðurkennt, að margir þingmenn eru hættir að nokkru eða öllu að lesa yfir handrit skrifara að ræðum þeim, er þeir flytja undir umræðum á Alþingi, og ræðupartur þingtíðinda því ekki lengur traustur grundvöllur fyrir því, sem sagt er á Alþingi. Vegna þessa og fleira hefur verið talað um að taka ræður þingmanna á stálþráð eða plastþráð og geyma þær þannig. Tilraun, er gerð hefur verið til þessa, gaf þá raun, að álíta verður, að hagkvæmara verði að taka ræður á plastþráð eða stálþráð en láta skrifa þær, eins og nú er gert, og ætlast flutningsmenn til, að gengið verði úr skugga um það fyrir næsta reglulegt Alþingi og sú aðferð, er bezt reynist, þá látin koma til framkvæmda.“

Þessi tillaga miðaði að því að taka upp umræðurnar og varðveita þær einungis á böndum og hætt yrði að prenta þingræðurnar. Í umræðunum 10. maí kom fram m.a. hjá *flutningsmanni Þorsteini Þorsteinsyni*: „Ástæðan til þess, að við flm. höfum borið þessa till. fram, er sú, að síðan nokkru eftir 1930 hefur verið um það talað, hve mikill kostnaður væri við að prenta umræðupart alþingistíðindanna, og hvort ekki væri rétt, að því yrði hætt. Svo hefur þó ekki orðið, en fyrir þremur árum kom fram ný stefna í málinu, að athugað yrði, hvort ekki mætti koma því svo fyrir, að ræðurnar væru til, þó að hætt væri að prenta þær. Með því að geyma þær á stálþráði eða öðrum tækjum – það má líka nota plastþráð – væri þetta hægt. ... Ég held, að það mundi spara kostnað við skriftir, ef ræður þm. væru teknar þannig

upp, og þm. mundu verða fáorðari og halda skilmerkilegri ræður, ef töluð orð yrðu ekki aftur tekin. Í öðru lagi virðist mér, að duglegar og fljótar vélritunarstúlkur gætu þá skrifað niður ræðurnar. Plötu má stilla eins hægt og manni sýnist, stálþráðurinn fer með meiri hraða, en honum má kippa til baka og láta hann endurtaka sig. Ég hef hugsað mér, að hægt væri að taka sex eintök í einu eftir þræðinum, síðan mætti fjölríta eftir þessu handriti, og þm. gætu þá fengið ræðurnar strax.“

Í nefndaráliti frá 12. maí 1950 tekur allsherjarnefnd vel í tillöguna og segir: „*Þar eð nefndin álitur fyrirkomulag það, sem stungið er upp á í aðaltillögunni um vélræna upptöku á þingræðum, munu verða til mikilla bóta, svo og æskilegt, að breytt verði til um útgáfu umræðna, þótt eigi sé víst, að unnt verði að koma þínu síðarnefnda við nú þegar á næsta hausti, leggur hún til, að aðaltillagan verði samþykkt. ...*“ Jafnframt lagði nefndin til að bundin væri við hana tillaga um vikulega útgáfu Alþingistíðinda.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið frammar á þinginu.

Á næsta þingi, 23. okt. 1950, var tillagan um vélrænar upptökur endurflutt af sömu þingmönnum. Þá minntist flutningsmaður ekki á að spara mætti með því að leggja niður prentun umræðna heldur gekk út frá að þær yrðu allar prentaðar. Í umræðunum um tillöguna komu fram andstæð sjónarmið. Flutningsmenn vildu sem fyrr láta varðveita umræður á böndum og láta liggja frammi vélritaðar umræðurnar jafnvel í 30–50 eintökum eða gefa út útdrátt úr ræðunum. Þorsteinn Þorsteinsson sagði um það atriði: „En annað hefur mér dottið í hug, sem við báðir flm. till. höfum minnt á, hvort ekki væri fært að gefa út útdrátt af þingræðunum, þannig að sá útdráttur kæmi út vikulega eða kannske oftar. En þá kostar það það, að þá þarf að ráða ágætan mann til þess starfs við skrifstofuna. Getur það verið heldur óvinsælt verk og mundi verða stórum óvinsælla heldur en þingfrétt aflutningur, því að sumir mundu þá ekki vilja láta sleppa því, sem kannske sleppt yrði af þeirra ræðum. Svo að þetta yrði dálítið vandaverk.“

Aðrir vildu jafnvel hraðari útgáfu á umræðunum eins og kemur fram í framsögu hjá Stefáni Jóh. Stefánssyni fyrir breytingartillögu á þskj. 74: „Hitt er aðalatriðið, sem ég minntist á áðan, að ef unnt væri að koma því þannig fyrir, að umræður væru prentaðar ekki sjaldnar en vikulega, þá hygg ég, að nokkru meiri möguleikar mundu verða til þess, að almenn-ingur í landinu fylgdist með störfum þingsins heldur en nú er. ...

Hvað sem er um virðingu Alþ. og hvað sem má segja um störf þess, þá er það áreiðanlega eitt af þýðingarmestu atriðunum í sambandi við Alþ., að fólkið í landinu, kjósendurnir, hafi tók á því að fylgjast svo nákvæmlega með því sem auðið er, hvað skeður á Alþ. ... Nú er það svo á allra síðustu árum, og æði mörgum, að ég ætla, að fáir eru þeir alþm., sem lesa yfir þær ræður, sem þeir flytja á Alþ. Þegar þeir seint og síðar meir kunna að glugga í þessum ræðum, þá verða þeir þess kannske varir, eins og komið hefur fyrir, að umræðupartur hefur

týnzt og hvergi komið fram í Alþt. Það, sem gæti breytt því, er í fyrsta lagi að taka upp ræðurnar á vélrænan hátt, eins og gert er ráð fyrir í aðaltill. hv. flm. Í annan stað mætti vekja athygli almennings á störfum þingsins þannig, að fólkið ætti þess kost að fylgjast með, með því að umr. komi fljótt út, eftir að ræðurnar eru haldnar á þinginu. ... Lýðræðið og þingræðið eru frá mínu sjónarmiði þeir dýrmætustu kostir, sem nú umfram aðrar þjóðir ein-kenna Vestur-Evrópu og Bandaríkin.“

Björn Ólafsson viðskiptamálaráðherra: „Ég hef látið mér detta í hug, að bókaútgefendur hér á landi mundu tilleiðanlegir til þess að gefa umræðupartinn út á sinn eigin kostnað, að sjálfsögðu með því að þeir fengju einkarétt á að gefa hann út. En það eru ekki útlát fyrir þingið að veita slíkan einkarétt, ef sá, sem fær hann, gefur á móti þá skuldbindingu að gefa umræðurnar út á þennan hátt.“

Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra: „Því er hreyft hér, að það mundi verða feikidýrt að gefa Alþt. út jafnóðum, þ. e. umræðupartinn. En mér er það, sannast sagt, óskiljanlegt mál, af hverju það ætti að vera dýrara að prenta þetta jafnóðum en að gera það eftir á. Eina skýringin á því, að ódýrara væri að prenta þetta eftir á, kannske 4 til 5 árum eftir á, heldur en að prenta umr. jafnóðum, er, að þetta sé látið mæta afgangi í prentsmiðjunum og unnið að því á þeim tíma, þegar engum öðrum störfum sé að sinna þar og þetta tekið þá sem nokkurs konar búsilag fyrir prentsmiðjurnar og unnið þar fyrir lægra verð. Ég veit ekki, hvort það mundi vera af þessum ástæðum ódýrara að prenta umr. eftir á heldur en jafnóðum. En ég kem ekki auga á aðra ástæðu, sem væri fyrir því, að þarna yrði kostnaðarmunur á. En ef sá skilningur er hjá forráðamönnum á Alþ., að það sé of dýrt að prenta ræðurnar nokkurn veginn jafnóðum og því lítt framkvæmanlegt, þá finnst mér, að það ætti að leiða af sér þá ályktun að segja, að það væri óframkvæmanlegt að prenta umr. á Alþ., og ætti þá að hætta að skrifa og prenta þingræður frá Alþ. Því að það er þýðingarlaust að láta afbakaðar ræður koma prentaðar fjórum til fimm árum eftir að þær eru fluttar. Ég vil ekki deila á hæstv. forseta eða skrifstofustjóra Alþ. En mér finnst, að sá háttur, sem hefur verið hafður á þessu, hafi haldizt allt of lengi. Það er tiltölulega skammt síðan til okkar var verið að bera ræður, sem haldnar höfðu verið á Alþ. árin 1942, 1943 og 1944. Og hvaða þýðingu halda menn, að slík prentun þingræðna frá Alþ. hafi? ... Hins vegar hafa hv. þm. oft raun af því að sjá, hvernig ræður þeirra eru útleiknar, þannig að það eru ekki fá dæmi þess, að því er alveg snúið við í meðförum, sem hv. þm. hafa a. m. k. ætlað sér að segja. Ég veit, að þingskrifarar gera það ekki af illvilja, en þessi er staðreyndin. Og það eru ekki einstakir hv. þm., sem hafa orðið fyrir þessu, heldur er þetta það, sem hver hv. þm. segir við annan í sinn hóp. Svo að ég tel í raun og veru, að ekki sé um nema tvennt að ræða, annaðhvort að hætta alveg að skrifa ræðurnar, sem fluttar eru á Alþ., og láta þá blöðin og fréttamenn óháða Alþ. um það, hvað berst til þjóðarinnar af þeim ræðum, eða að taka þann hátt upp, að ræður í þinginu verði, á einn eða annan veg, tryggilega rétt skrifaðar niður og svo prentaðar alveg jafnóðum.“

Finnur Jónsson: „Og þegar verið er að bera saman væntanlega vélræna upptöku á þingræðum við það að handskrifa þær niður að öðrum kosti, þá verður að gæta þess að bera það saman við verk fyrsta flokks hraðritara. Við höfum haft hér í þinginu um margra ára skeið fyrsta flokks hraðritara, sem hafa skilað ræðum hv. þm. þannig, að þar hefur ekki þurft að breyta einum stafkrók. Einnig höfum við haft við þingskriftir menn, sem ekki hafa kunnað neina hraðritun, og það eru vitanlega þeir skrifarar, sem hv. þm. kvarta undan, þegar þeir kvarta undan því, hvernig ræðum sé skilað af hálfu þingskrifara. ...“

En umfram alla muni, viðkomandi vélrænu upptökunni: Berum saman þingræður, sem fyrsta flokks hraðritarar skila, og árangurinn af því verki, sem þeir geta skilað, annars vegar, og hins vegar árangurinn af því, sem við getum fengið út úr því að nota vélar við upptöku þingræðnanna.“

Gísli Guðmundsson: „Ég held sem sé, að réttasta leiðin sé sú að hætta að skrifa niður umr. og prenta þær. ... En nú hafa á seinni árum opnast ýmsir möguleikar fyrir almenning til að fylgjast með þingstörfum, sem ekki voru áður fyrir hendi. Nú eru alloft útvarpsumr. og hugsanlegt er að auka slíkt, og einnig mætti breyta nokkuð tilhögun á þeim, þannig að í stað þessara umr. yrði öðru hverju útvarpað heilum þingfundum með venjulegu sniði. Útvarpið hefur þannig ýmsa möguleika til að opna þingið fyrir almenningi.“

Páll Zóphóníasson: „Ég er einn af þeim þm., sem les ræður mínar, þegar það er hægt, en það er ekki ævinlega hægt. Skrifarar þeir, sem hingað veljast, eru mjög misjafnir, þó að ég efist ekki um, að reynt sé að velja þá eins góða og hægt er, og hér áður fyrr voru þeir látnir ganga undir hæfnispróf, en því mun nú vera hætt. ... Ég vona, að n. ýti á forseta, að þeir láti gera tilraun með vélræna upptöku þingræðna og láti gera kostnaðaráætlun um það og eins með vikulega útgáfu þingtíðinda, því að sé það ekki dýrara en núverandi fyrirkomulag, þá tel ég slíkt ákaflega mikinn ávinning, svo að kjósendur geti fylgzt með gangi mála hér á Alþingi.“

Bernharð Stefánsson, forseti efri deildar: „Hér hefur margt verið sagt um þetta mál og deilt á núverandi fyrirkomulag og ekki hvað sízt það, hve umræðupartur þingtíðindanna kæmi seint. Þá er að játa það, að á stríðsárunum fór prentun þingtíðinda að verða á eftir tímanum, og ágerðist það eftir því, sem tímar liðu, og var orsökina sú, að prentsmiðjan annaði ekki prentuninni. Orsakirnar til þess kunna að vera ýmsar, svo sem að annað efni hafi þurft að prenta í prentsmiðjunni. En meginástæðuna til þess tel ég þá, að á þessum árum fóru þingin að verða svo löng, og svo hefur verið á hverju ári síðan 1942. Og held ég, að þetta hafi sitt að segja um það, að prentun er orðin svo mjög á eftir tímanum. En nú get ég upplýst, að þetta atriði er að lagast. Búið er að prenta umræðupartinn frá þinginu 1946–47, eitthvað tölvert af umr. næsta þings á eftir og farið er að prenta umr. 1948–49. Ef svo heldur áfram eins og verið hefur nú um sinn, má búast við, að útgáfa þingtíðinda komist brátt í sitt gamla horf, að umræðuparturinn komi út fljótlega eftir hvert þing. ...“

Eins og ég sagði í upphafi, er þetta í athugun, og gerð hefur verið tilraun með vélræna upptöku á stálþráð í efri deild í hitteðfyrri. Eftir því sem ég gat um dæmt við hlustun síðar, þá tókst sú tilraun vel. En töluverðan útbúnað þurfti að hafa til þess að þetta væri hægt.“

Rannveig Þorsteinsdóttir: „Við höfum hér nokkra þingritara ráðna. Um eitt skeið var það síður, að þeir gengju undir próf, svo að vitneskja fengist um hæfni þeirra til starfsins. Nú á síðari árum hafa þessi próf verið lögð niður, og eftir hverju sem þingritarar hafa nú annars verið ráðnir, þá hefur ekki verið athugað, hvort þeir væru hæfir til starfsins eða ekki. Þetta hefur svo orðið til þess, að ágætir starfsmenn og raunar allur hópurinn og kerfið í heild hafa legið undir gagnrýni vegna fárra einstaklinga. ...

Það er nú upplýst af hæstv. forseta, að útgáfa þingtíðinda hafi ekki dregizt af völdum skrifara. Ég vil nú leyfa mér að efast um, að þetta færi betur, þó að þingræður væru vélritaðar af stálþráði. Úr því útgáfan hefur hingað til dregizt annarra orsaka vegna, gæti svo farið enn þá. – Þetta vildi ég biðja menn að athuga og leggja betur niður fyrir sér málið frá byrjun til enda, áður en ráðizt er í breytingar á því kerfi, sem tíðkamt hefur til þessa.“

Ekkert bólaði á nefndarálit og urðu flutningsmenn nokkuð langeygir eftir niðurstöðu í málinu og spurðust fyrir um málið utan dagskrár þann 24. og 31. janúar 1951. Forseti sagði ist mundu athuga málið og herða á nefndinni.

Loks barst nefndarálit frá allsherjarnefnd 7. febr. 1951 á þskj. 639. Það hljóðaði svo:

„Nefndin hefur tekið þetta mál til umræðu á 5 fundum og rætt um það við forseta Alþingis og skrifstofustjóra. Þá hefur hún leitað upplýsinga hjá kunnáttumönnum og umboðsmönnum fyrir vélræn upptökutæki og fengið hjá þeim loforð um tilboð og nánari upplýsingar, sem þó eru enn ókomnar. Enn fremur hefur n. fengið br. yfirþingskrifara Ólaf Tryggvason til þess að gera áætlun og tillögur um, hversu mætti koma þingskriftum í hagkvæmara og fullkomnara horf með því að ráða eingöngu braðritara til þeirra. Eitt fyrirtæki hefur boðizt til að útvega tæki til upptöku á þingræðum til reynslu, en úr því hefur ekki orðið enn þá.

Þar eð komið mun nærri þinglokum og nægar upplýsingar liggja ekki fyrir um hina vélrænu upptöku, en málið hins vegar að áliti n. þannig vaxið, að nauðsyn er á því, að breyting verði til batnaðar með upptöku þingræðna eða á þingskriftum, leggur n. til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð Alþingi hafa enn eigi borizt fullnægjandi upplýsingar, er leitað hefur verið eftir um vélræna upptöku þingræðna, og eigi er víst, að þær liggi fyrir áður en þingi lýkur, en hins vegar mikil nauðsyn, að breytt verði til bóta um þingskriftir, samþykkir Alþingi, í trausti þess að forsetar Alþingis athugi málið milli þinga, að taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Rökstudda dagskráin frá allsherjarnefnd var samþykkt með 27 shlj. atkv. þann 28. febr. 1951.

Tillaga um að efla hraðritun

Ekki voru allir á sama máli að lausnin fyrir þingið væri vélræn upptaka og lagði *Rannveig Þorsteinsdóttir* fram tillögu á næsta þingi um ræðuritun á Alþingi.

Tillögugreinin fjallaði um að Alþingi ályktaði að skora á forseta Alþingis og ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að koma ræðuritun á Alþingi í viðunandi horf, með því að hafa einungis æfða hraðritara við innanþingsskriftir, og nákvæmt eftirlit væri með því að þeir inntu starf sitt vel af hendi. Rannveig sagði er hún fylgdi tillögunni úr hlaði 9. jan. 1952: „... það hefur löngum verið viðurkennt og raunar verið kannske minna um það rætt opinberlega en efni standa til, að ræðuritun á Alþ. hafi ekki verið og sé ekki í svo góðu lagi sem vera skyldi, og talin helzta ástæðan, að ekki hafi verið gert að ófrávíkjanlegu skilyrði til þess að öðlast þetta starf, að um hraðritara sé að ræða. ... Úr því að Alþ. hefur þá stefnu að vilja geyma sem heimild til síðari tíma þær ræður, sem fluttar eru á Alþ., þá liggur í augum uppi, að til þess er nauðsynlegt að hafa þá beztu tækni, sem völ er á, og ég fullyrði, að sú bezta tækni, sem við a. m. k. þekkjum og völ er á í sambandi við þetta starf, sé fullkomin hraðritun. – Það hafa að vísu komið fram hér á þingi till. um annað form á þessu. Þær hafa ekki orðið útræddar, enda líka kannske ekki heldur neinn grundvöllur fyrir því, að hægt væri að taka slíkt upp, bara vegna tæknilegra vandkvæða. Ég veit til þess, að a. m. k. á hinum stóru alþjóðaþingum, sem haldin eru, þar sem tækni öll er framar okkar tækni, eru aðeins hraðritarar, en það mun vera óþekkt, að þar séu notaðir langhandarræðuritarar. Ég vil svo geta þess, að í sumum hinum stóru nefndum, t. d. Evrópuþinginu, þar sem maður gat vel fylgzt með því, sem fram fór, þar er notuð hraðritun, – að vísu á vélar, sem nú eru að komast í notkun, en hraðritun þó, en ekki vélræn upptaka og því síður langhönd.“

Jón Pálmason, forseti sameinaðs þings: „Svo sem alþm. er kunnugt, þá hefur nokkrum sinnum komið til mála hér á þingi undanfarin ár að breyta um aðferð varðandi upptöku á þingræðum á þann hátt að taka þær allar upp á stálþráð. Forsetar þingsins hafa látið nokkuð athuga það mál undanfarið, og þær athuganir hafa leitt í ljós, að þetta væri mjög dýrt og til mikilla muna dýrara en að hafa það fyrirkomulag, sem nú er. Þess vegna hefur ekki verið að þessu ráði horfið, en að sjálfsögðu er það skylt og sjálfsagt, að þeir haldi áfram að fylgjast með þeirri tækni, sem á þessu sviði er um að ræða, – hversu miklu það kann að muna, miðað við það ástand, sem nú er. ...“

Hins vegar hefur það verið svo og það lengi, að ekki hafa fengizt nægilega margir æfðir hraðritarar til þess að það dygði alveg til að fullnægja því verki, sem hér er um að ræða, og þess vegna höfum við valið úr öðrum mönnum, sem kostur hefur verið á, því að jafnan undanfarið hafa sótt um þetta starf miklu fleiri en þurft hefur að taka til innanþingsskrifta. ... En þrátt fyrir það hefur nú komið í ljós, að margir gallar hafa verið á upptöku á þingræðum, og því var það, að forsetar þingsins tóku þá ákvörðun á síðasta þingi að láta hafa nákvæmara eftirlit með þessu starfi en gert hafði verið áður, og var yfirskrifaranum, Ólafi Tryggvasyni, falið það verk.“

Þorsteinn Þorsteinsson og Páll Zóphóníasson tóku þátt í umræðunum og sagði Þorsteinn: „Við hv. 1. þm. N-M. (PZ) höfum í nokkur ár flutt till. um að bæta úr því, sem okkur hefur virzt ábótavant, og færa til lækkaðs kostnaðar við þingskriftir og framkvæma þær í öðru formi, en það hefur – með allri virðingu fyrir hæstv. forsetum Alþ. – verið mesti hægagangur á framkvæmdum í þessum efnun. Nú vildi ég, áður en þetta mál fer til n., aðeins hreyfa þessu, hvort ekki væri kostur á því, þar sem þingið á hér sjálft upptökutæki, að láta nú í byrjun næsta þings reyna að taka þingræðurnar upp á plastþráð og láta vinna úr þeim jafnóðum, taka t. d. fyrir vikutíma í byrjun þingsins og láta vinna úr þeim rækilega, jafnframt því sem skrifað væri eins og venjulega, og sjá, hvor aðferðin dygði betur. Þessu þyrfti ekki að vera samfara mikill kostnaður, það þyrfti aðeins að leggja fram þráðinn og hafa einn mann til þess að sjá um upptökuna, og þá fyrst sést, hvaða kostnaður fylgir þessu. Þetta yrði svo sennilega vérlitað á eftir, eftir ráðstöfunum hæstv. forseta. Ég held, að þá komi í ljós, hvor aðferðin er öruggari og hvor ódýrari.“

Páll Zóphóníasson: „Þótt hæstv. forseti Sp. hafi gefið þær upplýsingar hér áðan, að þeir hefðu rannsakað þetta mál nokkuð og komið að þeirri niðurstöðu, að vélræn upptaka væri ýmsum örðugleikum háð, hún mundi verða dýr o. s. frv., þá legg ég ekki mikið upp úr því, þegar ekki liggja fyrir nánari upplýsingar um þessa rannsókn. Hefur verið rannsakað ýtarlega, hvað hinar ýmsu leiðir vélrænnar upptöku mundu kosta, hvernig hægt yrði að koma slíkum tækjum fyrir í þingsölunum og hvort heppilegast yrði að nota diktafón, stálþráð eða plastþráð? Eftir þessu hef ég spurt oft en einu sinni, en alltaf fengið sama svarið, þetta væri allt of dýrt og það þyrfti að spara, – svar, sem íhaldssemin hefur alltaf á takteinunum, – og því stendur allt í sama stað. Því legg ég ekki mikið upp úr upplýsingum hæstv. forseta. ... Hæfni þingskrifara fer ekki fyrst og fremst eftir því, hvort hann er hraðritari eða ekki, heldur fer hún eftir því, hve fær hann er að rita, fljótur að hugsa og vel að sér í því máli, sem hann á að skrifa um. Það getur eins komið fyrir hraðritara og aðra ritara að skella jörð á Vestfjörðum austur í Skagafjörð. ...

En það er enginn vafi á því, að með því að taka upp vélræna upptöku á þingræðunum væri stórt spor stigið fram á við. Ég mistala mig allra manna oftast, – ég veit það, – en við því er ekkert að segja. Það mundi þá koma fram í mínum ræðum á plötunum og væri þar sem sýnishorn af því, hvernig ég hef mistalað mig. En hinu vil ég mótmæla, að ekki skuli vera gert eitthvað til að koma í veg fyrir, að ræðupartar tynist eða brenglist allir í meðförum skrifara.“

Stefán Jóh. Stefánsson: „Það eru aðallega tvær hliðar á þessu máli. Annars vegar það, hvað hægt er að gera til þess að ná sem bezt og gleggst niður þingræðum, og hins vegar það, hvað gera má til að betrumbæta útgáfu þingtíðinda.“

Nefndaráliti frá allsherjarnefnd var útbýtt í janúar rétt fyrir þinglok og einnig barst breytingartillaga, en málið var ekki rætt aftur á 71. löggjafarþingi, því lauk 24. jan. 1952.

Hljóðritun þingræðna hefst

Haustið 1950 hafði Radíó- og raftækjastofan lagt tilboð um upptökukerfi fyrir forseta Alþingis. Í rökstuddu dagskránni sem var samþykkt í febrúar 1951 hafði forsetum Alþingis verið falið að athuga möguleikana á vélrænni upptöku. En ekkert gerðist á árinu 1951. Í janúar 1952 segir *forseti sameinads þings, Jón Pálmason*, í umræðu um tillögu Rannveigar Þorsteinsdóttur um hraðritarana að ekki hafi tekist að ganga frá hvernig ræðuritun eigi að vera háttað vegna þess að þingmenn séu á mjög öndverðum skoðunum í málinu og engin niðurstaða hafi fengist til að gera breytingar. Þingmenn vilji annars vegar vélrænar upptökur á ræðum og hins vegar fara þá leið að hafa æfða hraðritara.

Í mars 1952 voru hins vegar forsvarsmenn Radíó- og raftækjastofunnar kallaðir til og beðnir um að hafa allt tilbúið fyrir vélræna upptöku 1. okt. 1952.

Áður en tekin var upp vélræn upptaka var nauðsynlegt að breyta þingsköpum þannig að þingmenn skyldu tala úr ræðustól. Bráðabirgðalög voru því sett 12. sept. 1952. Í inngangi þeirra sagði:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að forsetar Alþingis hafi í samráði við ríkisstjórnina, gert ráðstafanir til þess, að þingræður verði frá og með byrjun næsta þings teknar upp á vélrænan hátt, og látið í því skyni koma fyrir nauðsynlegum tækjum í alþingishúsinu. Vegna kostnaðar, þrengsla í þingsölum og óþægilegrar aðstöðu að öðru leyti þótti ekki gerlegt að hafa hljóðnema dreifða um þingsalina fyrir framan þingmenn, heldur hefur uppsetning tækjanna verið við það miðuð, að allar ræður verði fluttar úr ræðustól. Hins vegar er það nú meginregla samkvæmt ákvæðum þingskapa, að þingmaður standi upp úr sæti sínu og mæli þaðan. Hentugast þykir og eðlilegast að koma á hinni nýju skipan í þessu efni þegar í þingbyrjun.“

Lagagreinin hljóðaði svo: *„Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.“*

Voru bráðabirgðalögin síðan staðfest þegar þing kom saman. Sagði forsætisráðherra Steingrímur Steinþórsson við það tækifæri: „Ef sá virðulegi ræðustóll, sem ég nú stend í, mætti mæla, þá teldi ég, að bezt færi á, að hann hefði sjálfur framsögu fyrir þessu frv., ... þessi breyt. á þingsköpum Alþingis er einungis gerð til þess að veita þessum virðulega ræðustól hér, ásamt félagu hans í hv. Ed., þegnrett hér á hinu háa Alþingi.“

Nú munu þessir ágætu ræðustólar ekki enn hafa numið það að mæla fyrir sig sjálfir, hvað sem síðar verður, svo að ég verð nú að láta þessi fáu orð fylgja. En ég held, að hins sé nú ekki að dyljast, að þeir hafi ekki enn aflað sér beinna vinsælda hér á hinu háa Alþingi, enda sé ég, að það er þegar farið að reyna að ranga þeim alla vega til, í skáhorn og alla vega, til þess

að finna þeim einhvern sæmilega virðulegan stað. En vonandi tekst nú að koma þeim þannig fyrir, að hv. alþm. sætti sig við það og sætti sig við að nota ræðustólinn á þann hátt, sem hin nýja tækni heimtar, er nú er verið að taka upp hér til þess að nema ræður alþm. Og í raun og veru þarf ekki að viðhafa fleiri orð um þetta.“

Á 7. fundi í efri deild, þann 13. okt., áður en gengið var til dagskrár, mælti *Bernharð Stefánsson forseti*: „Ég vil leyfa mér að tilkynna hv. þdm., að þegar ræður þm. hafa verið vélritaðar eftir segulbandi, verður hverjum þm. gerður kostur á að líta yfir ræður sínar og koma á framfæri smávægilegum lagfæringum á málfari og framsetningu, enda raskist ekki efni. Handrit með árituðum breytingum óskast afhent lestrarsalsverði innan viku frá því, að ræðan var lögð á borð þm. Að öðrum kosti verður litið svo á, að þm. óski ekki að gera neinar till. um leiðréttingar. Þeir, sem þegar hafa tekið til máls á þessu þingi, hafa fengið möppur með ræðum sínum.“

Samhljóða tilkynning var flutt í neðri deild.

Upptaka í 50 ár

Árið 1952 varð gjörbylting í vinnslu á ræðum þingmanna. Nú þurfti ekki lengur að efast um að ræður væru rétt skrifadar upp og ræðuskil urðu sneggri og allar ræður skiluðu sér til skrifstofu þingsins. Ríkti sátt um þessa skipan mála og ekki komu fram fleiri tillögur um að hætta prentun á umræðuparti Alþingistíðinda. Samt tafðist prentun umræðna sem fyrr. Var það ekki fyrr en á 8. áratugnum sem umræður fóru að koma út jafnóðum.

Ýmsar tillögur um að taka tæknina í þjónustu þingsins bera þess merki að Alþingi hefur alltaf fagnað nýrri tækni við störf sín. Tilboðið um Ediphone-hljóðrita frá 1939, tillaga um að taka raddir þingmanna upp á grammófonplötur 1941, tilraunir með upptöku umræðna á stálþráð 1948 og á plastþráð 1949 og segulbandsupptaka á þingræðum sem hófst 1952 segja sína sögu. Tölvur voru teknar í notkun hjá þinginu 1983 í smáum stíl og jókst hlutur þeirra jafnt og þétt. Tillögur um notkun tölvutækninnar við útgáfu Alþingistíðinda er einnig að finna í þingtíðindunum.

Fyrir fimmtíu árum varð Alþingi fyrst þjóðþinga í heiminum til að nota eingöngu vélræna upptöku af þingfundum og leggja um leið niður störf þingskrifara. Allt traust var sett á tæknina. Framan af tímabilinu bar á því að útgáfa umræðna drægist og þegar gerð var gangskör að því að prenta allar umræðurnar sem biðu voru þær orðnar 8–10 árum á eftir. En á 8. áratugnum var komið jafnvægi í útgáfu Alþingistíðinda. Nú allra síðustu árin hefur mikið verið gert til að hraða útgáfu á umræðunum og gera þær aðgengilegar fyrir alla landsmenn og raunar allan heiminn. Hver þingfundur er sýndur í sjónvarpi (allur eða a.m.k. að hluta til) og sendur út á heimasíðu Alþingis. Allir þingfundir eru teknir á myndband og einnig er gerð stafræn hljóðupptaka fyrir ræðuvinnslu.

Heimasíða Alþingis var opnuð 1994 og núna eru ræður oftast komnar útgefnar í bráða-
birgðaútgáfu á vefinn daginn eftir þingfund og prentað hefti af umræðum kemur út í næstu
viku eftir að þær fara fram.

Vigdís Jónsdóttir
forstöðumaður
(2002)

Heimildir: *Alþingistíðindi* og skjöl úr bréfasafni Alþingis.

Tæknipróun á Alþingi

Þáttur úr lífi og starfi upptökustjóra Alþingis með formála um fyrstu segulhljóðritun á Íslandi árið 1946, sem varð grundvöllur að þeirri þróun sem síðar kom, þ.e. vélrænni upptöku á þingræðum 1. október 1952.

Í tækniblöðum árið 1945 var frá því sagt að bráðlega kæmi á markað „segulvírshljóðriti“, – seinna oftast kallaður stálþráður, – sem gæti orðið almenningsseign. General Electric var með þeim fyrstu sem auglýstu, – og við pöntuðum strax.

GE-stálvírstækið kom hingað til lands í maí 1946. Fyrsta mikilvæga upptakan var á 100 ára afmæli Menntaskólans í Reykjavík 17. júní það ár, og síðan afhending Reykjavíkurflygvallar 6. júlí, er Ólafur Thors tók við lykli.

Næsta markverða upptakan er svo Heklugosið 1947. Fyrsta dag gossins fengum við „converter“ frá rafgeymum til að gefa 110 volta AC og notuðum það í flugvél og bíl. Við tókum viðtöl við fólk í nágrenni Heklu og við þetta allt saman komst í hámmæli gagnsemi stálþráðar við hljóðupptöku. Árið 1948 mun útvarpið loks hafa fengið slíkt tæki. Það var prófað á Alþingi með því að hengja hljóðnema í ljósakrónu, en þótti ekki álitlegt til afskriftar.

Þá upplýstum við að ný tækni, segulbandið, væri að koma fram, og þar væru allir möguleikar framundan með vönduðum tækjum. Við höfðum náði samband við „3M“ sem var brautryðjandi á þessu sviði. Þeir sendu okkur lista um fyrirtæki er framleiddu segulbandstæki, bæði „próffessional“ og millistig. Með aðstoð Sigurðar Helgasonar, seinna stjórnarformanns Flugleiða, náðum við sambandi við mörg fyrirtæki og fengum verðlista og tækni-legalar upplýsingar. Ég hafði farið til Bandaríkjanna haustið 1947 með Heklu, raunar þá til þess að prófa lórantæki, og fór svo aftur í júní 1948 – var með í áhöfninni sem sótti Geysi. Í þeirri ferð kynnti ég mér það sem var á markaði í New York af segulbandstækjum. Þá kom ég m.a. til ACA, (Amplifier Corporation of America) og skoðaði framleiðslu þeirra, svo og það sem var í búðum. Við létum Alþingi strax fá fréttir af nýjum möguleikum í hljóðritun á segulbandi og á afritunartækjum fyrir segulbandið. Um þetta árabíl, 1947–1950, segir Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, skrifstofustjóri Alþingis, í fréttauka 1954, eftirfarandi:

„Farið var að taka niður og prenta þingræður þegar á fyrsta þingi eftir endurreisn Alþingis 1845. Fyrst framan af var frásögnin oft í ágrípi eða óbeinni ræðu, en brátt voru allar þingræður ritaðar og prentaðar sem beinar ræður. Hraðritun kunní enginn þingskrifari á öldinni sem leið.

Fyrsti hraðritarinn kom að þinginu 1917. Til þingskrifarastarfa voru lengst af ráðnir mestmegnis stúdentar eða menn með kandidatsprófi, sem líklegastir þóttu til að leysa

starfið vel af hendi. Þeir gáfust að vonum misvel. Þeim sem stílfærir voru og vel heima í þingmálum tókst furðuvel að ná aðalefni í þingræðum og hafa á þeim góða áferð, þó að ekki væri orðrétt upp tekið. Og lengi fram eftir gáfu þingmenn sér tíma til að lesa yfir handrit þingskrifaranna, en flestir gáfust upp á því þegar farið var að heyja þing árlega og þau tóku að lengjast. Eftir það varð að prenta ræðurnar að mestu eins og þær komu frá hendi þingskrifaranna. Vildi þá ýmislegt skolast til í þingtíðindum.

Nokkrir góðir hraðritarar störfuðu í hópi þingskrifara síðustu 20–25 árin, en hjá þeim hraðriturum sem ekki höfðu náð fullri leikni og voru ekki vel að sér í landsmálum, gat ýmislegt slitnað úr samhengi og farið í handaskolum, ekki síður en hjá hinum, sem ekki kunnu hraðritun og misstu að vonum margt niður. Til gamans má nefna dæmi.

Ræðumaður gat þess að tiltekið fiskmagn hefði verið sent til Ítalíu í clearing. Skrifarinn, sem hvorki var leikinn í hraðritun né heima í viðskiptaháttum skrifaði, að fiskurinn hefði verið sendur til Ítalíu á klíník.

Samfara þessum annmörkum á ræðuskriftum kom annað til. Sumir skrifarar drógu stundum vikum og jafnvel mánuðum saman að vinna úr frumritum sínum og skila ræðunum hreinskrifuðum og heppnaðist ekki að kippa því í lag þó að reynt væri. Fór nú að gæta vaxandi óánægju þingmanna og annarra sem fundu til þess, að þingtíðindin voru ekki eins góð heimild og þau áttu að vera. Frumvörp voru borin fram um að fella niður prentun á þingræðum í sparnaðarskyni, en þau voru felld. Hitt var þingmönnum ríkara í hug að leita ráða til þess að gera þingræður áreiðanlegri. Var fyrst hugsað til að fjölga færum hraðriturum, en það hefði sjálfsagt tekið ein 20 ár að koma upp 16 manna sveit þeirra og væntanlega hefði þá orðið að hafa þá á föstum árslaunum, en menn kveinkuðu sér við þeirri embættismannafjölgun.

Þá var farið að orða vélræna upptöku á þingræðum. Tilraunir voru gerðar í þá átt tveim árum eftir heimsstyrjöldina og gáfu þær svo góða raun að skriður komst á málið.“

Hér geri ég hlé á ummælum Jóns frá Kaldaðarnesi og gríp til smáminnisblaða sem ég hef. Samkvæmt þeim fór ég um 20. janúar 1949 á vegum Radíó- og raftækjastofunnar og Alþingis til New York til að kanna og kaupa segulbandstæki til prófana í Alþingi, áður en lokaákvörðun yrði tekin um tækjakaup. Ég kannaði markaðinn í New York, en valdi svo Twintrax longplay, sérsníðað tæki, sem gat tekið upp samfellt í þrjár klukkustundir. Það kom til landsins í marz 1949 og 25. apríl voru þá gerðar formlegar upptökuprófanir í efri deild. Notaður var einn „Shure“-hljóðnemi, sem fluttur var í snatri milli ræðumanna. Upptakan tókst prýðisvel og tel ég að þessi prófun hafi valdið því að við vorum beðnir að gera fullnaðartillögur um upptökukerfi og afritunarþúnað ásamt útboðslýsingu. Þetta gerðum við í samráði við Gunnlaug Briem símaverkfræðing og fengum síðar, með aðstoð Sigurðar Helgasonar, „3M“ til að senda útboð til þekktustu framleiðenda, bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum, og fá verðtilboð. Þetta var haustið 1950 og bárust fljótlega mörg tilboð, en

nokkuð misjöfn. Eitt tilboðanna skar sig úr og uppfyllti allar kröfur sem við höfðum gert, en það var frá Stancil Hoffman í Kaliforníu. Tilboðið lögðum við fyrir forseta og skrifstofu Alþingis og mæltum eindregið með Stancil Hoffman. Leið svo árið 1951 að engin hreyfing varð á málunum, en í marz 1952 erum við beðnir að taka málin upp af krafti og sjá um að allt verði tilbúið 1. október 1952.

Ég gríp nú aftur niður í frásögn Jóns frá Kaldaðarnesi þar sem frá var horfið:

„Seint á þinginu 1949–1950 fluttu tveir þingmenn þingsályktunartillögu um að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að umræður á Alþingi yrðu teknar upp á stálþráð, plastþráð eða plötur. Tillagan var endurflutt á næsta þingi og nefnd, sem fékk málið þá til meðferðar, kynnti sér það og síðan var þingforsetum falið að athuga það milli þinga.“

Hér gríp ég enn fram í fyrir Jóni til skýringar. Blað úr myndaalbúmi sem við afhentum forsetum Alþingis og skrifstofu, sennilega árið 1954, gefur dálitla skýringu á hvernig að þessum málum var staðið, en þar stendur:

„Samkvæmt beiðni allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis haustið 1950 gerði Radíó- og raftækjastofan, Óðinsgötu 2, áætlun um fyrirkomulag vélrænnar upptöku á þingræðum í stað þingskrifara og gerði jafnframt útboðslýsingu er send var til helztu fyrirtækja er framleiddu slík áhöld, bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Vorið 1952 var fallizt á tilboð frá Stancil Hoffman Corporation, hljóðritunartæki, afritunartæki, magnara og skiptibúnað. Minnesota Mining & Manufacturing Company segulband og spólur.

Sveinbjörn Egilsson og Magnús Jóhannsson önnuðust alla tæknivinnu við fyrirkomulag og uppsetningu tækjanna í ágætu samstarfi við forseta Alþingis, tæknilegan ráðunaut, Gunnlaug Briem verkfræðing, og skrifstofu Alþingis.“ Hér vík ég svo enn að ummælum Jóns frá Kaldaðarnesi, þar sem frá var horfið:

„Skrifstofu Alþingis bárust nú nokkur tilboð varðandi hljóðritun og upptökutæki og mælti Gunnlaugur Briem símaverkfræðingur með tilboði frá Radíó- og raftækjastofunni hér í bæ, en tækin voru frá fyrirtækinu Stancil Hoffman Corporation í Hollywood. Að fengnu þessu álitni ákváðu þingforsetar snemma vors 1952 í samráði við ríkisstjórnina að panta þessi tæki og koma þeim upp fyrir haustþingið það ár, en það hófst 1. október, og gekk Radíó- og raftækjastofan frá tækjunum í Alþingishúsinu með ráði og yfirumsjón Gunnlaugs Briem.

Híð nýja fyrirkomulag kom til framkvæmda þegar í byrjun þings haustið 1952 og tala þingmenn síðan úr sérstökum ræðustól, en ekki úr sætum sínum eins og áður tíðkaðist. Upptökutækjunum var komið fyrir í herbergi því sem minjasafn Jóns Sigurðssonar var lengi geymt í. Voru högggnir gluggar úr því inn í báðar þingdeildir og getur sami maður eða sömu menn stjórnad upptöku úr báðum þingdeildum samtímis. Fjórir hljóðnemar eru á hvorum ræðustóli í deildunum og tveir á hvorum forsetastól. Sérstakt símasamband er milli upptökumanns og forseta í þinginu.

Jafnframt upptökutækjunum hafa verið keypt sjö hlustunartæki eða afritunartæki, sem

skila í eyrun ræðunum af segulbandinu. Ræðuskrifararnir þurfa að sitja þar þröngt því að herbergið er alltof lítið.“

Næst er skrifstofustjórinn, Jón frá Kaldaðarnesi, spurður um eftirlit með ræðurituninni og hann svarar á þessa leið:

„Það gerir þaukunnugur fyrrverandi hraðritari í þinginu, Ólafur Siggeirsson. Hann skiptir segulbandsspólunum hæfilega milli vélritaranna og annar gamall og góður hraðritari hefur á hendi samlestur, þ.e. hlustar á segulbandinu og ber saman við handrit ræðuskrifaranna.“

Fréttamaður snýr sér síðan til Ólafs Siggeirssonar og spyr um þessi afritunartæki. Svar Ólafs hljóðar svo:

„Hægt er að stöðva þau hvenær sem er, meðan lokið er við að rita setningu eða kafla úr setningu. Einnig er hægt að taka bandið aftur á bak að vild, en tækin geta ekki verið hæg-geng. Ræðan kemur af bandinu með sama hraða og hún var flutt. Hver ræða er vélrituð í þrem eintökum. Eitt eintakið er geymt óbreytt eins og það kemur frá hendi ritara, annað lagt í „málamöppu“ til prentunar og hið þriðja lagt á borð ræðumanna og þeim gefinn kostur á að líta yfir ræður sínar og leiðrétta og lagfæra mál og framsetningu, enda raskist ekki efni. Auk yfirlestrar þingmanna sér skrifstofa þingsins um yfirlestur á öllum handritum undir prentun. Hér vinna átta manns við vélritun eða ræðuritun um þingtímann. Tveir eru í fastavinnu og sex í tímavinnu. Radíó- og raftækjastofan, eða Magnús Jóhannsson fyrir hennar hönd, sér um alla upptöku á þingfundum.“

Svo er skrifstofustjóri spurður um hvað alþingismennirnir sjálfir segi um þessa breytingu. Og hann svarar:

„Þeir hafa nær undantekningarlaust lýst ánægju sinni með þessa gerbreytingu á ræðurituninni og telja hana ómetanlega framför. Nokkuð hefur á því borið, einkum framan af, að minna væri talað í þinginu og fleiri flyttu ræður sínar af blöðum en áður, en ekki er víst að svo verði til frambúðar.“

Þá er spurt um kostnaðarhliðina. „Stofnkostnaður vegna upptökunnar varð alls um 750–800 þúsund krónur. Um rekstrarkostnað er það að segja, að ef borin eru saman síðasta þing með gömlu aðferðinni og fyrsta þing með þeirri nýju, að hann er mjög svipaður í heild og er þægilegt að bera þetta saman þar sem þessi þing máttu heita jafnlöng. Rekstrarkostnaðurinn er tvíþættur: Vinnulaun og prentunarkostnaður. Prentunarkostnaðurinn reyndist meiri með nýja laginu, því að ræðurnar eru nú allar prentaðar óstyttar. Hins vegar urðu vinnulaun minni nokkurn veginn sem því nemur. En hvort sem beinn kostnaður verður meiri eða minni þegar fram líða stundir, hefur nýja aðferðin það fram yfir þá gömlu, og það er fyrir mestu, að Alþingistíðindi eru orðin örugg heimild um það sem talað er í þinginu, og það hefur aldrei verið fyrr en nú.“

Þetta er úr fréttauka frá Alþingi 1954.

Eins og áður er sagt, gerðum við Sveinbjörn Egilsson tæknilega áætlun og útboðslýsingu árið 1950. Tilboð bárust í árslok 1950, en viðbrögð um staðfestingu voru engin fyrr en í marz 1952 og þá mjög skyndilega. Okkur var sögð sú gamansaga að Pétur Lárusson, er lengi hafði starfað sem fulltrúi með Jóni frá Kaldadarnesi á skrifstofu Alþingis og haft sérstaklega með að gera útgáfu þingtíðinda, hefði „kunnað“ svo hvern þingmann, að honum var hægt um vik að skálda þingræður sem vantaði í handriti, og undu allir vel þessari lausn! Pétur lézt 12. marz 1952 og þá urðu góð ráð dýr. Alþingi bað um snör handtök og málið var leyst.

En hverfum nú aftur að árinu 1952. Til þess að fá tækjabúnaðinn frá Stancil Hoffman með Tröllafossi í ágúst, varð að senda öll tækin flugleiðis frá Hollywood til New York. Þetta tókst og komu tækin 28. ágúst. Allt sumarið unnum við í Alþingishúsinu að lögnum í gólf um sérstaka álstokka, og tókst að ljúka því verki með sóma fyrir þingsetningu 1. október 1952. Dagbókarform um vélræna upptöku á þingræðum sömdum við Ólafur Siggeirsson í sameiningu strax í upphafi þings 1952. Það byggist í fyrsta lagi á skráningu tímalengdar við notkun tækja og lengd hvernar spólu, röð og tíma ræðumanna, röð funda og tímalengd. Þetta var gert til þess að hafa á einum stað skilmerkilega röð funda og ræðumanna sem hægt væri að styðjast við þegar handrit voru búin til prentunar í Alþingistíðindum. Þessi skipan er enn við lýði. Aðeins hefur brot dagbókar þó stækkað vegna lengri þingfunda. Dagbókin hefur reynzt öruggasta skráða heimildin um það sem gerist á þingi.

Fyrstu tvo áratuginu voru ávallt tveir verðir að starfi við upptöku. Seinna reyndum við Úlfar Sveinbjörnsson að sinna þessu einir til skiptis, en það er algerlega óhæft til frambúðar vegna geysilegs vinnuálags þegar fundir eru langir og jafnvel samtímis í báðum deildum þingsins. Vinnuaðstaða við upptöku hefur batnað síðustu ár, sérstaklega loftræsting, en talsverður hávaði stafar frá fjölritunartækjum, sem sett hafa verið upp við hliðina á upptökuherberginu.

Í maímánuði 1987 voru gerðar miklar tiltektir á háalofti Alþingishússins. Gömul þingskjöl og þingtíðindi fylltu svo til allt það rými er þar var. Þetta pappírasafn var flutt burt í nýjan geymslustað, timbursölu Slippfélags Reykjavíkur. Þegar rýmt var til, kom í ljós afsíðis „grár kassi“. Mér var gert viðvart. Kom þá í ljós, að hér var ACA-segulbandstæki það, er ég var sendur að kaupa í janúar 1949 og var formlega prófað í efri deild 25. apríl 1949, eins og fram kemur á prufuspólu sem er á tækinu. Það er því fyrsta hljóðritun frá Alþingi og upphaf tilrauna við vélrænar upptökur á þingræðum. Þrátt fyrir aldur, 38 ár, var tækið í góðu lagi og skilaði upptöku á spóluna eðlilega. Það var ánægjuleg stund. Tækið varð að sjálfsögðu varðveitt sem minjagripur.

Stancil Hoffman-tækjabúnaðurinn, sem áður er nefndur, entist vel, enda afburðavandaður í upphafi. Hann þurfti mikla aðgæzlu og viðhald, sérstaklega afritunartækin, sem oft urðu fyrir harðleikni misjafnra afritunarmanna.

Eftir 26 ár, eða árið 1978, fór ég þess á leit við forseta og skrifstofu Alþingis að fá að kaupa nýjan tækjakost. Var á það fallið og valdi ég Studertæki frá Sviss eftir nákvæma athugun á markaðnum. Formagnarar og hljóðnemar voru keyptir frá Shure, en afritunartæki frá Uher, öll byggð á transistor-tækni. Gömlu tækin voru að sjálfsgöngu öll lampatæki, sem heyrðu jafnvel þá fortíðinni til. En þau eru varðveitt sem fágæti í minjasafni Alþingis.

Magnús Jóhannsson
upptökustjóri 1952–1989

Tæknipróun á Alþingi, frambald

Eins og fram kemur í grein Magnúsar Jóhannssonar hér að framan var upptöku- og afritunarbúnaður þingsins endurnýjaður 1978 og keypt ný segulbandstæki til upptöku úr þingsalnum. Eru þau enn í notkun. Einnig voru keypt ný segulbandstæki fyrir ræduritara og rædulesara. Þau tæki voru í notkun til ársins 1997 þegar farið var að notast við stafræna upptöku úr þingsal og starfsfólk ræðuvinnslu gat spilað ræðupptökurnar úr tölvum sínum.

Árið 1984 hófst tölvuvæðing fyrir alvöru hjá Alþingi. Fyrst í smáum stíl á Apple II, aðeins færsla þingmálaskrár í tölvu, en fljótlega var farið að huga að því að nota tölvutækni-ina við útgáfu Alþingistíðindanna. Frá og með haustinu 1985 var allur texti ræðuhluta Alþingistíðinda unninn á tölvur í Wang-umhverfi. Ræðurnar voru teknar upp á 20 mín. segulbandsspólur og var textinn sleginn inn og allar leiðréttingar gerðar beint á tölvuna. Fljótlega varð vinnsluferillinn þannig að textinn var að fullu leiðréttur í útgáfudeild Alþingis og sendur með umbrotsskipunum beint í prentsmiðju. Þar fór síðan fram endanlegt umbrot og orðskiptingar og svo var lokapróförk lesin í útgáfudeildinni.

Sumarið 1990 var vinnslan endurskipulögð. Keyptar voru Sun-vélar og notuð Word Perfect ritvinnsla við innslátt þingræðnanna. Farið var að fullvinna ræðuhlutann, þ.e. orðskipta og brjóta um í endanlega mynd, hjá þinginu og senda hann til prentunar í prentsmiðju.

Árið 1991 voru deildir Alþingis lagðar niður og þingið fór að starfa í einni málstofu. Frá og með þeirri breytingu á starfsháttum Alþingis hefur einungis þurft að taka upp einn fund í einu en ekki tvo samtímis eins og áður. Í kjölfarið var tölvu- og tæknibúnaður þingsins aukinn sem leiddi til breyttra vinnubragða í allri vinnslu. Meðal annars var keypt nýtt hljóðborð fyrir upptökuna sem leysti af hólmi hljóðborðið frá 1952. Jafnframt var hafin nákvæm skráning í gagnagrunn á dagskrármálum og ræðum og ýmsum þingtæknilegum atriðum sem þeim tengjast. Upptökumaður skráði nú beint í tölvu sem tengd var við gagnagrunn þingsins allt sem gerðist á þingfundi, þ.e. hvaða mál voru tekin á dagskrá, hverjir tóku til máls og afgreiðslu þingmála auk þess að annast upptökur úr þingsal á segulband. Þinghaldið breyttist að því leyti að allar atkvæðagreiðslur urðu rafrænar og færðust niðurstöður þeirra sjálfkrafa í gagnagrunninn.

Á vorþingi 1992 var komið fyrir sjónvarpsmyndavél í þingsalnum beint á móti forsetastóli og ræðustóli og var sýnt beint frá þingfundum á sjónvarpsstöðinni Sýn síðasta mánuð þingsins það vor. Sá Sýn um útsendingar frá Alþingi fram til ársins 1994 en þá um haustið féllu þær niður um tíma af tæknilegum orsökum. Ríkissjónvarpið hóf síðan útsendingar frá Alþingi í janúar 1995 og sýnir nú frá þingfundum að deginum til þegar annað efni er ekki á dagskrá. Þingfundir eru teknir upp á myndband og það sem ekki er sent út beint frá

Þingfundir er sýnt að morgni næsta dags. Sumarið 1996 var annarri myndavél bætt við í þingsalinn og borði fyrir myndstjórn komið fyrir hjá upptökumanni.

Árið 1995 urðu aftur þáttaskil í ræðuvinnslunni þegar forritið emacs var tekið í notkun við ræðuvinnuna. Með því urðu ræðurnar aðgengilegar í bráðabirgðaútgáfu strax á netinu fyrir þingmenn og innanhússfólk sem og þingfundurinn og framvinda hans.

Haustið 1996 var farið að nota stafræna hljóðupptöku í tölvu sem aðalkerfi fyrir hljóðritun úr þingsal. Samhliða þessu er áfram tekið upp á segulböndin (öryggisafrit) og myndbönd. Stafræna hljóðið var nú sent til afspilunar á tölvur starfsfólks við ræðuvinnslu og leysti af hólmi segulbandstæki ræðuritara sem notast hafði verið við frá 1952. Með þessari tækni var líka hægt að senda hljóð í þjöppuðu formi hvert sem er utan þingsins og 1997 var hafin fjarvinnsla á ræðuvinnslætti fyrir þingið. Tveir ritarar voru ráðnir sem verktakar við ræðuritun úti í bæ. Þeir sækja sér hljóðskjöl með upptöku úr þingsal yfir netið og senda skrifaðan texta til baka. Með tilkomu fjarvinnslu við ræðuritun var hægt að hraða vinnsluferli ræðuútgáfunnar þannig að frá árinu 1997 hafa ræður þingmanna verið aðgengilegar fyrir alla í bráðabirgðaútgáfu á netinu að jafnaði einum og hálfum sólarhring eftir að þær voru fluttar, nema á álagstímum fyrir jól og í þinglok.

Árið 1998 fékk Alþingi leyfi til reksturs sjónvarpsstöðvar og fékk til afnota eina sjónvarpsrás á breiðbandi Landssímans til dreifingar á útsendingum frá fundum Alþingis. Þá hófust útsendingar frá þingfundum á internetinu með hljóði og mynd 1. október 1998. Í framtíðinni verður einnig hægt að hlusta á netinu á gamlar upptökur frá þingfundum.

Þegar ræða er flutt er upptakan eina heimildin sem til er um hana þar til hún hefur verið slegin inn. Tæknin við skráningu þingræðna er því háð rafmagni. Þess vegna var varaafsstöð sett upp í þinghúsinu til þess að láta ekki rafmagnsleysi í bæjarkerfinu trufla þingstörf, en bregðist hún þarf að gera hlé á þingfundi.

Hin nýja tækni sem tekin var í notkun hjá Alþingi 1952 við ræðuvinnslu breytti miklu. Nú urðu umræðurnar nákvæm heimild um það sem fram fór í þinginu en misbrestur þótti hafa verið á því á stundum. Eins og sú bylting sem fólst í vélrænni upptöku 1952 má segja að tölvan hafi gjörbylt aðstöðu manna til að fá upplýsingar hjá þinginu. Alþingi var ein af fyrstu stofnunum á Íslandi sem opnaði heimasíðu árið 1994.

Sigurður Jónsson
aðstoðarforstöðumaður
(2002)

Ábrif tölvuvæðingar á störf ritara á skrifstofu Alþingis

Inngangur

Störf ritara á skrifstofu Alþingis greinast aðallega í tvennt: A. Ritara sem vinna við að skrifa ræður eftir segulböndum. B. Ritara sem fást við ýmisleg ritarastörf í tengslum við skrifstofur þingmanna. Fram að þessu hafa ræðuritariar þó mjög sinnt einstökum þingmönnum og verkefnum þeirra vegna og ritara þingmanna hafa líka ýmist haft hluta af starfsskyldu sinni við innskrift á þingræðum eða hlaupið í þau verk samhliða öðrum störfum. Á þessu hefur ekki orðið mikil breyting eftir að tölvur komu í stað ritvéla. Enn fremur hefur verið allmikið um það að ritara störfuðu við ræðuritun um nokkurt skeið, en hyrfu síðan aftur að ritarastörfum fyrir þingmenn eða skrifstofu þingsins.

Störf ritara áður en tölvuvæðing hófst

Þeir ritara sem einkum unnu við vélritun á þingræðum tóku við segulböndum nokkru eftir að þingfundir hófust og vélrituðu eftir böndunum sjálfar ræðurnar og önnur þau atríði sem fram fóru á þingfundum og birtust í Alþingistíðindum, svo sem atkvæðagreiðslur og fleira.

Almenna reglan var sú að ræðurnar voru skrifaðar í fjórum eintökum og var kalkipappír hafður á milli. Frumritið sem var gult eða gulbrúnt var lagt fram á lestrarsal þar sem þingmenn höfðu aðgang að því til aflestrar, en síðar var þetta eintak leiðrétt og sent í pentun. Annað eintakið var hvítt og þykkt og þar fengu þeir þingmenn sem það vildu ræður sínar afhentar til leiðréttingar. Þriðja og fjórða eintakið voru þunn og hvít og var þriðja eintakið geymt sem öryggisafrit þangað til prentun var lokið. Fjórða eintakið var síðan haft fyrir ýmsa sem þess óskuðu, t.d. blaðamenn, þingmenn og fleiri.

Í starfi ritaranna reynir talsvert á ritstjórnarhæfileika, kunnáttu í íslensku máli og almenna þjóðmálaþekkingu. Þeir þurfa að ganga frá textanum þannig að hann geti birst nokkurn veginn óbreyttur á prenti. Þegar ritun af hverri spólu var lokið, tók annar ritari við spólunni, hlustaði á hana og bar saman við vélritaða eintakið af ræðunni og gerði einstakar breytingar.

Að því loknu var handritið sent handritalesurum sem fóru nákvæmlega yfir ræðuna, báru saman tilvitnanir, gerðu málfarslegar breytingar og færðu inn leiðréttingar sem borist höfðu frá þingmönnum á afritum sem þeir fengu frá riturunum. Þegar handritalesarar höfðu gengið frá handritinu og borit það saman við gerðabækur þingsins var það sent til ríkis-

prentsmiðjunnar Gutenberg, sett þar og prófarkalesið og samdar þar skrár, efnisskrár og mælendaskrár, og heftið síðan prentað.

Aðrir ritarar komu ekki nálægt ritun þingræðna nema þeir hefðu það að hlutastarfi eða íhlaupum, en vélrituðu oft og einatt eftir segulböndum, þingskjöl og önnur plögg fyrir þingmenn, svo sem frumvörp, þingsályktunartillögur, breytingartillögur, nefndarálit, svo og bréf og þess háttar.

Störf ritara eftir tölvuvæðingu

Störf ritara, hvort heldur er ræðuritari eða ritara þingmanna, hafa lítið sem ekkert breyst eftir tölvuvæðingu, enda viðfangsefni þeirra hin sömu. Ræðuritarar taka við spólum frá upptökumanni eins og fyrr og slá inn eftir þeim á ritvinnslutölvu. Þeir þurfa eins og áður að hafa nánar gætur á því hvernig textinn er sleginn inn, þurfa að búta ræðuna niður í málsgreinar, efnisgreinar, og ganga frá öðrum atriðum sem fram fara á fundi eftir hefðbundnum reglum (atkvæðagreiðslur o.fl.).

Eina breytingin á störfum ræðuritara er sú að þeir hlusta ekki lengur á ræður sem aðrir ritarar hafa slegið inn til að bera þær saman. Sá starfsþáttur heyrir nú undir handritalesarana. Þegar ræðuritarar hafa slegið ræðuna inn, tekur handritalesarinn við textanum og fer yfir málfar á ræðunni, ber saman tilvitnanir og kannar nánar einstök atriði, ber þau saman við gerðabækur þingsins og tekur við athugasemdum þingmanna eftir yfirlestur þeirra. Allt er þetta unnið á tölvuskjá. Þegar ræðan er komin í þetta horf er hún prentuð út og sérstakur starfsmaður vinnur við það að lesa yfir allar ræðurnar að nýju eftir útprenti og gera einstakar lokaleiðréttingar. Að því búnu er ræðan send í ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Störf ritara þingmanna hafa heldur ekki breyst og viðfangsefni þeirra eru þau sömu og áður. Talsvert er um það að ritarar vinni þingmál fyrir þingmenn, oft eftir segulböndum eða handritsuppköstum, gangi frá mörgum útgáfum af slíkum skjölum og sendi þau síðan skjalavörslu þegar þingmaður hefur ákveðið að leggja frumvarp fram, nefndarálit, breytingartillögu o.s.frv. Þau skjöl eru nú send til ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg í tölvutæku formi. Þannig má segja að gögn til Gutenbergs komi bæði frá ræðuritun og einstökum riturum í þeim húsum þar sem þingmenn hafa skrifstofur sínar.

Álag á ræðuritun er mjög breytilegt og talsvert er um það að starfsfólk í ræðuritun sinni verkefnum á vegum einstakra þingmanna, einkum ef þau eru meiri háttar, bæði hvað varðar einstök þingmál og ekki síður ýmisleg viðfangsefni á vegum þingmanna. Má segja að ritarar í ræðuritun séu ritarar umsvifamestu þingmanna. Enn er talsvert um það að ritarar sem starfa hjá einstökum þingmönnum hlaupi í störf ræðuritara og reyndar sérstök vaktskrá sett upp í þessu skyni.

Hagkvæmni tölvuvæðingar

Á þeim tíma sem liðinn er síðan tölvuvæðing á skrifstofu Alþingis hófst, hefur komið í ljós gífurlegt hagræði af henni fyrir starfsfólk og þingmenn. Allt var það þó vitað fyrir fram, enda var meiri hagkvæmni í störfum aðalrökin fyrir breyttum vinnsluháttum. Frágangur á ræðum hefur reynst miklu þægilegri, samstarf við þingmenn miklu betra og leiðréttingar frá þeim miklu minni, öll leiðréttingarvinna við vinnslu á textanum er auk þess fyrirhafnarminni og auðveldari í framkvæmd. Allt hefur þetta sparað mikla vinnu.

Ritarar þingmanna eru samdóma um að störf þeirra séu öll léttari, vinnsla þingskjala og annarra verkefna á vegum þingmanna sé miklu auðveldari, leiðréttingarvinna sem áður var mikill og erfiður þáttur í starfi þeirra, meðan verkefni voru í vinnslu, sé nú bæði auðveld og taki skamman tíma. Enn fremur sé auðveldara að halda reiður á því sem gera þarf fyrir hvern og einn þingmann.

Í ýmsum stórum verkefnum hefur gífurlegur vinnusparnaður komið í ljós, svo sem við undirbúning breytingartillagna við fjárlagafrumvarp. Þær eru nú unnar á tölvu af ritara fjárveitinganefndar og verða sendar þaðan beint í Gutenberg, að vísu sem handrit til setningar þar, en með þessu móti sparast öll endurvinnsla á breytingartillögunum sem fram hefur farið á skrifstofunni áður en gengið hefur verið frá handriti að þeim til setningar í Gutenberg.

Helgi Bernóðusson
aðstoðarskrifstofustjóri
(1986)

Útgáfa þingræðna

Ákvæði í þingsköpum

Allt sem sagt er í þingsal er gefið út í Alþingistíðindum samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis. Það er einnig birt á netinu.

Í 2. mgr. 88. gr. þingskapa segir:

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sér. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting. Forseti getur sett nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda, frágang þingskjala o.fl.

Í lögnum segir að „ekkert [megi] undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu“. Ef snyrta þarf til málfar í ræðum þingmanna fyrir prentaða útgáfu er þess að sjálfsögðu gætt að það sem birtist í þingtíðindum sé það sem þingmenn sögðu. Hins vegar er spurning hvort lögin krefjist þess að varðveitt sé nákvæmlega *hvernig* þeir sögðu það. Þetta er með öðrum orðum spurning um hvort útgáfa þingræðna eigi að vera þjóðháttaleg heimild um talað mál í ræðustól Alþingis eða hvort hún eigi að vera varðveisla þess sem þar var fjallað um. Í ræðuútgáfu Alþingis, eins og í öllum nálægum þingum, er hallast að síðari kostinum enda virðist orðalagið „það er þar á að standa“ gefa nokkurt svigrúm.

Í nálægri framtíð er líklegt að hægt verði að nálgast hljóðskjöl og hlusta á ræður og ræðubúta eftir óskum hvers og eins. Þau hljóðdæmi munu geyma orðréttan texta þingræðna. Prentaða útgáfan er efnisleg útgáfa þess sem fjallað er um á þingfundum, texti til varðveislu. Þess vegna er mikilvægt að sá texti sé læsilegur. Þá er ekki síður mikilvægt að sá texti sé trúr frumtextanum og engu efnislegu sé þar bætt í eða undan fellt. Til að vinna þennan texta til varðveislu þarf að hafa í huga ákveðnar ritstjórnarreglur. Þær eru af tvennum toga; annars vegar beinar leiðréttingar, málfræðilegs eðlis og orðalagsbreytingar, og hins vegar fágun texta, þ.e. að færa hið talaða orð yfir á læsilegt ritmál.

Talað mál og ritað

Talað mál er tveggja, eða fleiri, manna tal þar sem báðir/allir aðilar eru virkir. Einkenni þess eru hálfar setningar, menn grípa fram í hver fyrir öðrum (og sjálfum sér líka) og botna e.t.v. setningar annarra. Í slíku spjalli koma mjög afgerandi einkenni talmáls í ljós, svo sem

hikorð, menn nota slettur mun meira en í ritmáli, önnur setning er botnuð en byrjað var á og orðaröð skiptir ekki miklu máli fyrir skilning þess sem talað er við.

Í ritmáli er reynt að fylgja góðum reglum málfræðinnar til að byggja upp skýrar setningar sem má svo lagfæra og betrubæta fram að prentun.

Talsverður munur er á töluðu máli og rituðu. Texti sem er sleginn inn orðréttur eftir tali er mjög erfiður til lestrar vegna talmálsins og ótrúlega fjarri því sem menn eiga að venjast um ritað mál. Þingræður, eins og ræður yfirleitt, eru hvorki talmál né ritmál heldur það sem kalla mætti ræðu- eða ávarpsmál.

Ræðumál

Ræðumál lýtur eigin málfræðiuppbyggingu. Í óundirbúinni ræðu koma upplýsingar fram í þeirri röð og á þeirri stundu sem ræðumanni koma þær í hug. Líkt og ritmálið, sem líka er einræða, þekktist það oft á viðleitni til að byggja upp flókna setningafræði og tilhneigingu til að mynda langar málsgreinar. Einkenni slíks máls eru sífelldar leiðréttingar. Sá sem talar lýkur ekki setningum, fer til baka, leiðréttir sig, hann þrjónar aftan við setningar sem málfræðilega er lokið, hættir í miðjum klíðum og byrjar upp á nýtt. Setningin getur orðið allt of löng til að ræðumaður ráði við að hafa hana málfræðilega rétta. Sá sem hlustar skilur þó allt með hjálp af hrynjandi, tónfalli, áherslum, þögnum, málhraða og raddblæ ræðumanns og jafnvel látbragði. Erfiðleikar við að lesa og túlka orðréttan texta, þ.e. skrifaðan eftir tali, eru m.a. að í skrift er ekki hægt að túlka slík einkenni talmálsins. Í yfirlesnum texta er búið að hreinsa burt það sem ræðumaður „hendir“ og lagfærir sjálfur í máli sínu. Hlustandi skilur hvað ræðumaður meinti og það sem eftir situr er innihald en ekki form eða umbúðir. Lesandi lítur á formið og frávik frá ritmáli trufla hann. Tilgangur ritstýringar þingtíðinda við færslu talaðs máls yfir á prent er að gera textann læsilegri fyrir þann sem hefur áhuga á málefnum án þess að neinu sé efnislega breytt.

Sigurlín Hermannsdóttir

ritstjóri

(2002)

Heimild:

Hallberg, Anita. 1995. Hur redigeras riksdagsprotokollet? *Språkvård* 2:5–15.

Ritstjórnarreglur

1. Almennt

Tilgangur

Útgáfa þingtíðinda (þingskjala og þingræðna) er lagaskylda. Útgáfa þingræðna er í því fölginn að gefa út allt sem fram fer á þingfundi og máli skiptir fyrir framgang fundarins og þeirra þingmála sem þar er fjallað um. Í ræðum þingmanna kemur fram afstaða þeirra og ræður framsögumanna mála og nefndarálita geta verið lögskýringargögn. Þess vegna skiptir öllu máli að textanum sé komið til skila eins skýrum og kostur er á. Samræmdar og ítarlegar reglur fækka vafaatriðum og flýta fyrir vinnslu.

Árið 1988 var gefinn út á vegum Alþingis bæklingurinn *Reglur um frágang þingskjala og prentun umræðna*. Sá bæklingur hefur verið mikið notaður bæði innan þings og utan. Þar er að finna m.a. ítarlegar vinnureglur með dæmum um frágang texta og uppsetningu skjala og ræðna, rithátt ýmissa orða og meðferð talna.

Frágangur texta

Áður en ræður eru gefnar út er reynt að gáta allar staðreyndir sem hægt er og afrita eða bera saman við frumskjöl ef vitnað er í prentað mál í ræðustól. Sjaldan verður komist hjá því að gera einhverjar lagfæringar á þingræðum þegar þær eru búnar til prentunar. Annars vegar eru sjálfsagðar málfræðilegar leiðréttingar og hins vegar lagfæringar í orðavali. Fordrast er að gera breytingar sem hnika til merkingu eða málblæ. Ekki má afmá persónuleg sérkenni í ræðustíl nema þau stríði gegn viðurkenndum reglum um gott mál. Mjög áriðandi er að hafa í huga að málfar ræðumanns og stíll sé á ræðunni en ekki þess sem les hana yfir. Mikilvægt er að hinn skrifaði texti hafi sömu áhrif á lesanda og talað orð á áheyranda. Ef ræðumaður talar hátíðlegt mál er því fylgt eftir. Ef ræðan er í léttum spjalltón er valið einfalt málsnið. Sumir tala í stuttum, skipulegum og kjarnyttum málslotum. Þá er þörf á tíðum greinaskilum. Aðrir eru orðmargir og lotulangir. Ekki fer vel á að kljúfa ræður þeirra niður í mjög smáa búta. Alltaf þarf að gæta þess að textinn verði læsilegur.

Í heitum umræðum um mikil ágreiningsmál ber að varast að haggja nokkru orði þar sem segja má að ræður þingmanna séu þá hártogaðar jafnharðan í fjölmiðlum og af öðrum þingmönnum.

Þingmenn vitna oft í ritað mál eða orð annarra í ræðum sínum. Í ræðuútgáfunni er þess gætt að halda slíkum tilvitnunum orðréttum en ekki endilega stafréttum heldur er ritreglu um þingsins fylgt í slíkum texta.

2. Stafsetning

Opinber stafsetning

Í ræðuútgáfunni er fylgt almennum reglum um stafsetningu sem birtar eru í auglýsingu nr. 132/1974, sbr. auglýsingu nr. 261/1977; enn fremur viðurkenndum rithætti í kennslubókum í stafsetningu, stafsetningarorðabókum, Orðabók Menningarsjóðs og Tölvuorðabókinni. Einnig er leitað til Orðabókar Háskólans og Íslenskrar málnefndar þegar ástæða þykir til. Um rithátt erlendra staðarnafna vísast í orðalykla og rit Íslenskrar málstöðvar.

Ritreglur þingsins

Stundum getur verið valfrjálst eða jafnvel skilgreiningaratriði hvernig rita skuli orð, hvort nota skuli stóran eða lítinn staf í heiti, hvort rita skuli sem eitt orð eða fleiri og hvernig orð eru samsett. Eins og áður segir var gefinn út leiðbeiningarbæklingur á vegum þingsins um frágang þingskjala og prentun umræðna. Sömuleiðis hafa starfsmenn í útgáfu þingtíðinda útbúið skammstafanaskrá og orðalista til að styðjast við. Bæklingurinn sem og skrárnar eru í stöðugri endurskoðun og er það sem hér fer á eftir hluti af þeirri endurskoðun.

3. Málfræðiatríði

3.1 Beygingar

Sambeygingar

Beygingarvillur eru leiðréttar. Stundum bregða þingmenn fyrir sig gömlum beygingar- eða orðmyndum. Ef um mjög óvanalega eða lítt þekkta mynd er að ræða er rétt að leita í handbókum eða hafa samband við Orðabók Háskólans eða Íslenska málstöð til að fullvissa sig um að rétt sé farið með. Einnig getur fallnotkun sem og kyn nafnorða verið landshluta- bundið og þarf að hafa það í huga.

Gæta þarf vel að samræmi fornafna og þess nafnliðar sem þau vísa til. Samræmt er kyn, tala og fall orða sem eiga saman í setningu.

Stundum er málfræðilegt kyn ekki sama og merkingarlegt kyn. Þegar rætt er um embætti (forseti, ráðherra) sem konur gegna og vísað til persónunnar er frekar notað merkingarlegt kyn (kvenkynsmyndin) af persónufornafninu.

Sé frumlag í setningu samsett þarf að líta til þess hvers konar samsetning er á ferð og setja sögn, lýsingarhátt þátíðar, lýsingarorð eða önnur fylgiorð sagnarinnar í viðeigandi tölu og kyn.

Mannanöfn og staðarnöfn

Íslensk nöfn (mannanöfn og staðarnöfn) eru beygð samkvæmt beygingarreglum. Sérstaklega er gætt að því að beygja bæði nöfn í tvínefnum. Farið er eftir algengustu reglum um ritun og beygingar nafna. Ef þingmenn hafa séróskir um rithátt nafna sinna er orðið við þeim. Karlkyns eignarfallsendingunni -s er bætt við ættarnöfn sem karlmenn bera en ekki þegar nafnberinn er kvenkyns enda fá kvenkynsorð í íslensku aldrei -s í eignarfalli. Gildir það jafnt um innlend og erlend nöfn. Þegar um er að ræða erlend nöfn er ekki alltaf ljóst hvort átt er við konu eða karl. Þá er betra að sleppa beygingunni.

Erlend staðarnöfn sem hafa verið íslenskuð eru beygð. Staðarnöfn sem sjaldan heyrast eða eru framandleg fá ekki beygingu en þegar þau koma oftar fyrir er farið að beygja þau. Þannig var *Moskva* ekki beygð fyrir nokkrum áratugum en núna þykir ófært að tala um annað en *Moskvu*.

Fleiryrt heiti

Ef heiti t.d. stofnana, ritverka o.s.frv. er fleiryrt er almenna reglan sú að öll fallorð beygist. Fari tegundarheitið hins vegar á undan og nafnið fylgir með sem einkunn er nafnið óbeygt (óbeygð einkunn).

Stundum eru orðin í heiti í lýsingarhætti þátíðar án nafnorðs. Þá má líta á nafnið sem óbeygða einkunn en tegundarheitið undanskilið.

Samsett heiti

Mikið er um að fyrirtæki, stofnanir og félag sameinist og haldi nöfnum beggja (eða einhvers konar skilgreiningu) í sameinuðu heiti. Slík heiti eru oft skrifuð með bandstriki og báðir hlutar beygðir.

Skammstöfuð heiti

Fleiryrt heiti eru oft skammstöfuð. Ef skammstöfun á íslensku heiti er með lágstöfum og hægt að lesa úr henni er almenna reglan sú að orðið fái eignarfallsendingu. Ef erlent heiti er skammstafað eða allt skrifað með hástöfum beygist það ekki.

Fleirtala

Mörg orð sem hingað til hafa eingöngu verið notuð í eintölu er farið að nota í fleirtölu. Einkum virðist þetta áberandi í lagasetningu: *verðin, töpin, mötin*. Í ræðutexta er reynt að sneiða hjá slíkri notkun en ef venjan er orðin almenn verður að beygja sig undir hana sem og þegar vitnað er í lagatexta.

Mikið er rætt um verðeininguna 'mill' (1/1000 úr bandarískum dal) í raforkuumræðu. Orðið er hvorugkyns og óbreytt í fleirtölu, samanber prómill (%). Mills er ensk fleirtala en ekki íslensk.

3.2 Fornöfn

Eignarfornöfn

Eðlileg staða eignarfornafns (eða ígildi þess) í íslensku er á eftir eigninni. Stundum er orðaröðinni breytt í áhersluskygni. Jafnvel getur verið um merkingarmun að ræða. Þannig er *minn maður* ekki endilega sama og *maðurinn minn*. Ef þessari áherslu eða sérstöku merkingu er ekki til að dreifa er ástæðulaust að hafa eignarfornafnið á undan eigninni.

Ábendingarfornöfn

Í töluðu máli úir og grúir af ábendingarfornöfnum. Sérstaklega ber mikið á 'þessi'. Þegar það kemur fyrir æ ofan í æ er hægt að grisja með því að setja 'sá' í staðinn, einkum ef á eftir fer skýringar- eða tilvísunarsetning; með því að setja ákveðinn greini á nafnorðið eða einfaldlega að sleppa ábendingarfornafninu. Ekki er þar með sagt að eyða þurfi þeim öllum út.

Fyrir kemur að notkun ábendingarfornafna verður svo mikil að umræðuefnið er jafnvel ekki nefnt á nafn en sífellt talað um 'þetta' eða 'það'. Sama gildir um persónufornöfn. Þegar saman fer mikil notkun persónufornafna og ábendingarfornafna kann að vera erfitt að átta sig á til hvers er verið að vísa. Þá getur þurft að setja inn viðkomandi nafnlið.

Persónufornöfn

Ef fornöfnum er sleppt en einungis notuð nafnorð verður textinn aftur á móti stírdur. Þá þarf að skipta þeim út öðru hvoru fyrir viðeigandi fornöfn.

Hvor tveggja

Þrjár myndir eru til af þessu fornafni: eldri mynd, *hvortveggi*, sem er skrifuð í einu orði og báðir hlutar orðsins beygjast; *hvor tveggja*, skrifuð í tveimur orðum og fyrri hlutinn beygist en hinn síðari er óbeygjanlegur, og óbeygjanlega myndin *hvorutveggja* sem heyrir oft í talmáli. Í útgáfu Alþingistíðinda er notuð myndin hvor tveggja.

Þú sem óákveðið fornafn

Oft heyrir 2. persónu fornafnið 'þú' notað sem óákveðið fornafn. Þetta samræmist ekki íslenskri málvenju. Þessu mætti breyta með því að nota ábendingarfornafnið 'sá' eða snúa slíkum setningum í þolmynd. Ókostur er að langar eða samsettar setningar í þolmynd geta orðið ópersónulegar. Þótt ekki þyki góð málvenja að nota 'maður' eins og fornafn getur verið þrautalending að nota fleirtöluna (menn) með í bland.

Einhver

Algengasta merking orðsins er einhver ótiltekinn fjöldi eða magn. Mikið er farið að nota 'einhver' ásamt töluorði í merkingunni 'um það bil' eða 'svo mikið sem'. Sú notkun er ekki viðurkennd góð íslenska, enda merkt með ? í Tölvuorðabókinni. Því er reynt að sneiða hjá henni.

Gagnverkandi fornöfn

Í daglegu tali heyrst oft orðið 'sinnhver' eða 'sinnhvor' í ýmsum myndum. Þetta orð telst ekki vera til heldur skal nota gagnverkandi fornöfnin 'hver/hvor' annars vegar og 'sinn' hins vegar. Notkun 'hver' og 'annar' er svipaðs eðlis.

3.3 Sagnir

Háttur og tíð

Gæta þarf að samræmi og fylgni tíða innan setningar. Þetta á sérstaklega við um setningar í viðtengingarhætti, óbeinni ræðu, óbeinni spurningu og aukasetningar almennt.

Eðlilegast má telja að frásögn af liðnum atburðum sé í þátíð. 'Söguleg nútíð' eins og algeng er í ýmsum frásögnum og ævintýrum á ekki alls staðar við.

Horf – lokið horf, ólokið horf

Ekki eru til miklar skilgreiningar á notkun núliðinnar tíðar í íslensku. Þó er til sú skýring að hún sé notuð um liðna atburði, þegar þeir eru beinlínis miðaðir við nútíðina. Einföld þátíð er aftur á móti afmarkaðri í tíma. Stundum er notað málfræðihugtakið *lokið horf* um núliðna tíð. Oft er núliðin tíð að óþörfu notuð um einstakan liðinn atburð þegar færi betur á að nota einfalda þátíð.

Til einföldunar má segja að þegar rætt er um orsök og afleiðingu sé eðlilegra að orsökina sé í einfaldri þátíð en afleiðingin í núliðinni tíð.

Hægt er að nota hjálparsögnina vera með viðkomandi aðalsögn til að sýna að umræddum verknaði eða athöfn sé ólokið eða hún standi enn yfir (*ólokið horf*). Ofnotkun á þessu formi verður staglkennd en þessi málvenja virðist sérstaklega vinsæl með 1. persónu fleirtölu og sögninni tala.

Vel getur farið á að breyta slíkum setningum í beina nútíð. Einnig kemur til greina að snúa henni í þolmynd.

Germýnd – þolmynd

Á hinn bóginn er stundum reynt að fjarlægjast gerandann með því að setja setningar í þolmynd. Verða úr því óþarfamálalengingar.

3.4 Samtengingar og önnur smáorð

Margir ræðumenn byrja setningar á samtengingu: *og, en*. Einnig á orðum eins og: *þess vegna, þannig, varðandi*. Til að gera textann læsilegri þarf að fækka þessum orðum eða umorða setninguna svo hún byrji ekki á samtengingu. Löngum málsgreinum sem settar eru saman úr mörgum setningum getur verið betra að skipta niður í fleiri og styttri setningar.

Samtengingin *eins ...* og verður oft í talmáli *eins ... eins og*. Smáorðið að fylgir oft samtengingum að óþörfu. Þetta þarf að lagfæra.

4. Staðreyndagátun

Nöfn manna og stofnana

Komið getur fyrir að mönnum verði á að fara rangt með tilvitnanir í texta, nöfn manna eða heiti stofnana. Ef um augljós mistök er að ræða, ræðumaður hefur t.d. farið línuvillt, eru þau leiðrétt. Ef vafi leikur á um hvað skuli standa er athygli þingmannsins á mistökunum vakin og þau lagfærð í samráði við hann. Hins vegar geta aðstæður verið þær að ekki sé hægt að koma leiðréttingu við. Þetta á einkum við þegar aðrir þingmenn eða fjölmiðlar grípa mismælin á lofti eða ræðumaður leiðréttir sig sjálfur síðar.

Þingtæknilegt mál

Í umræðum um lagafrumvörp er stundum talað um viðkomandi frumvarp sem lög. Einnig kemur fyrir að talað er um breytingafrumvarp, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum, sem breytingartillögu. Meðan ekki er búið að samþykkja frumvarp skal vísa til þess sem slíks (frv.) eða væntanlegra laga. Sama gildir um þingsályktunartillögur sem ekki er búið að samþykkja. Þær verða ekki þingsályktanir fyrr en búið er að samþykkja þær.

Vísad í lög

Þegar vísað er í lög er flett upp í lagasafni og númer laga, greina og málsgreina borið saman við texta. Ef vitnað er í röng eða brottfallin lög og auðsætt að um mistök er að ræða, er það leiðrétt og þingmanni gjarnan gert viðvart.

Bókmenntatilvitnanir

Reynt er að bera bókmenntatilvitnanir saman við þá útgáfu sem þingmaður studdist við. Ef ekki er vitað hvaða útgáfa það var er borið saman við algengar útgáfur.

Meðferð talna og útreikningur

Rétt er að staðreyna útreikning sem farið er með í ræðustól. Borið er saman við þingskjöl

eða önnur gögn ef þeim er til að dreifa. Sérstaklega þarf að vera á varðbergi þegar upphæðir eru ýmist tilgreindar í krónum, þúsundum króna eða milljónum króna. Auðsæjar villur eru leiðréttar en ef eitthvert misræmi er á ferð er haft samband við þingmann svo ekkert fari milli mála.

5. Samsláttur

Orðatiltæki, málsbættir

Algengt er að málsháttum eða orðtökum sé slegið saman. T.d. heyrst oft „að detta til hugar“ sem er sambland úr að ‘detta í hug’ og ‘koma til hugar’. Augljós mismæli eru leiðrétt. Hins vegar getur komið fyrir að ræðumaður sé viljandi að snúa út úr eða jafnvel að búa til nýtt orðtak. Þá er ekki hreyft við orðum hans.

Einstök orð

Ef ljóst er af samhengi að ræðumaður hefur gripið til rangra orða og jafnframt ljóst í hverju mismælin liggja er það lagfært.

6. Orðaval

Erlend orð, tökuorð og slettur

Stundum grípa menn til erlendra orða í máli sínu. Í hverju tilfelli þarf að meta hvað verður gert við þau. Sum þessara orða hafa unnið sér sess og eru markvisst notuð af ræðumönnum. Þá eru þau stafsett upp á íslensku og fylgja beygingarreglum. Ef orðið hefur ekki unnið sér sess og jafngott orð er til á íslensku er því skipt út. Stundum leiðréttir þingmaður sig og kemur með þýðinguna sjálfur. Þá er óhætt að fella burt erlenda orðið. Ef ekki finnst jafngilt íslenskt orð eða ræðumaður er sérstaklega að leggja út af erlenda orðinu er það sett í gæsalaппir. Þó hefur myndast sú hefð að ekki eru sett tilvitnunarmerki um latnesk orð.

Nýyrðasmíð

Sumir ræðumenn eru miklir orðasmíðir og bregða gjarnan fyrir sig heimasníðuðum orðum og samsetningum. Allt slíkt er hluti af persónulegum ræðustíl og því fengur að því.

Óvenjuleg eða sjaldgæf orð

Þegar þingmaður notar orð sem lesari kannast ekki við þarf að gæta vel að því hvort um mismæli var að ræða eða hvort þarna var gott og gilt orð á ferð. Mjög líklegt er að sá sem hlustar á ræðuna muni eftir því að hafa heyrt óvenjulegt orð og vilji hugsanlega geta flett

því upp. Ef orðið finnst ekki í orðabókum og stofnanir eins og Orðabók Háskólans eða Íslensk málnefnd kannast ekki við það er borið undir ræðumann hvort orðið skuli standa.

Nafnorðastíll

Svokallað stofnanamál er hlaðið nafnorðum og málalengingum þar sem betur færi á því að nota sagnir. Slíkar setningar þarf að laga.

7. Tilfærslur, orðaröð

7.1 Setningarliðir færðir til

Atviks- og forsetningarliðir

Samkvæmt íslenskri setningafræði er sagnliður oftast annar liður setningar, en getur þó verið fremstur í setningu, t.d. í spurningu eða í 'frásagnarhætti'. Ekki þykir eðlilegt mál að margir setningarliðir fari á undan sögninni. Þó gerist algengara að heyra setningar þar sem atviks- eða forsetningarliðir koma á undan sögn þegar þeir ættu að koma á eftir. Sjálfsagt er að laga slíka orðaröð.

Tilvísunarsetningar

Yfirleitt fer best á því að tilvísunarsetningar komi sem næst því orði sem þær vísa til enda getur verið óljóst til hvers er vísað ef langt er þar á milli. Einnig geta forsetningarliðir á röngum stað valdið tvíræðni.

Erlend áhrif á setningagerð

Erlend áhrif geta verið fólgin í ýmsu fleiru en að gripið sé til erlendra orða. Orðaröð er oft óíslenskuleg, samanber það sem segir hér að framan, breytt notkun fornafna, beygingarleysi, ný merking orðatiltækja og ýmissa orða geta verið dæmi um erlend áhrif. Útgáfa Alþingistíðinda er í eðli sínu íhaldssöm og ekki leiðandi í málfarsbreytingum. Þess vegna er allt slíkt nálgast af varfærni og orðaröð og orðalag lagað að viðurkenndu máli.

7.2 Talmálseinkenni

Inngangur – meginatriði

Efnisatriði talaðs máls lúta öðrum lögmálum en ritaðs. Í töluðu máli kemur það sem ræðumaður vill leggja þyngsta áherslu á stundum fyrst en inngangurinn síðar sem nánari útlistun. Á prenti virkar þetta órökrétt og því getur þurft að hnika til orðaröð.

Innskotssetningar

Stundum verða setningar mjög langar vegna þess að innan þeirra er mikið af innskotssetningum og útskýringum. Þá getur samhengi innan setningarinnar auðveldlega slitnað. Ef mögulegt er að búa slíkar málsgreinar niður í styttri einingar eftir efnisatriðum og færa saman það sem saman á er það til mikilla bóta.

Viðbótarupplýsingar

Fyrir kemur að ræðumaður eykur við upplýsingar í miðri ræðu og koma þær þá ekki á röktréttan stað í setningunni. Í framsögn leggur hann sérstaka áherslu á þessar viðbótarupplýsingar og sá sem hlustar tengir þær ósjálfrátt því sem þær eiga við. Á prenti hverfur þessi tenging og því þarf að færa slíkar síðbúnar viðbætur til.

7.3 Umframorð

Endurtekningar

Þegar menn tala blaðalaust endurtaka þeir gjarnan orð og orðasambönd, stundum með breyttu orðalagi, til að vinna sér tíma meðan þeir hugsa hvernig framhaldið eigi að hljóma. Slíkar endurtekningar koma ekki vel út á prenti og þarf þá að lagfæra ræðuna fyrir prentun.

Hikorð

Hikorð eru merkingarlaus smáorð sem menn bregða fyrir sig meðan þeir hugsa hvert framhaldið verður á ræðunni. Slíkum orðum er fækkað þegar þau eru augljóslega aðeins til uppfyllingar. Sama gildir um ýmis orðasambönd.

Aukafrumlag

Fornafnið það virðist oft sitja í frumlagssæti og mynda eins konar aukafrumlag. Ekki þykir fallett að nota það mikið og sjálfsagt er að grísa þá staði.

Leiðréttingar jafnóðum

Iðulega kemur það fyrir í óundirbúinni ræðu að þingmaður leiðrættir sig jafnóðum og hann talar. Allt slíkt sem ljóst er að ræðumaður „hendir“ í máli sínu er fellt brott enda ekki hluti af efnislegri umræðu.

Hnykkj á setningarlokum

Sumir þingmenn hafa þann hátt á, sérstaklega þegar þeim er mikið niðri fyrir, að hnykkja á í lok setningar og endurtaka síðustu orðin með auknum þunga. Óhægt getur verið um vik að koma þeim þunga til skila á prenti og því oft betra að sleppa endurtekningunni.

Lok setningar

Ef botn vantar algjörlega í setningu en ljóst að hverju var stefnt er reynt að botna hana. Ef þingmaður fer út í miklar útskýringar eftir inngang sem lýkur ekki getur þurft að fella brott byrjunina en láta útskýringarnar standa sér, hugsanlega með dálítilli umorðun. En komið getur líka fyrir að ekki sé hægt að eiga við setninguna og hún standi því ófullkomin eins og hún var sögð.

8. Merkingargreinandi áherslur*Áhersluþungi, margræðni*

Þegar merkingargreinandi tónfall og áhersluþungi talaðs máls hverfur við að ræðan er færð í letur getur komið fyrir að setning skiljist á fleiri en einn veg. Lesari þarf að hlusta vel og hugsanlega að umorða til að forðast að setningin verði tvíræð eða jafnvel margræð, hafi það ekki verið ætlun ræðumanns.

Beinar og óbeinar spurningar

Oft koma beinar spurningar í texta. Þær geta farið vel í töluðu máli enda fylgir þeim áhersluþungi en ekki er víst að hann skili sér á prenti. Lesari þarf að veita það og meta hvernig með skuli farið. Stundum fer vel á því að láta spurninguna halda sér. Ef hún er hins vegar í miðri setningu getur verið betra að snúa setningunni í óbeina spurningu.

9. Formsatriði*Uppsetning bréfa og þingskjala*

Þegar lesinn er upp texti, t.d. þingskjöl, bréf, blaðagreinar o.þ.h., fer það nokkuð eftir efni textans hvernig uppsetningu er háttað í þingtíðindunum. Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman eða um frestun á fundum Alþingis eru mjög formleg og fylgja ákveðinni uppsetningu. Bréf um innkomu varamanna eru ekki eins formleg. Stuttum og óformlegum bréfum, t.d. um formennsku í nefnd, er stundum betra að snúa í óbeina ræðu.

Reynt er að halda meginuppsetningu þingskjala og þess sem gefið er út á vegum þingsins. Þó eru einfaldir inndrættir í ræðupartí en ekki flóknir eins og oft vill verða í þingskjölum.

Bókmenntatexti, blaðgreinar

Samkvæmt þingsköpum skal þingmaður óska leyfis forseta ef hann hyggst lesa upp prentað mál. Höfð er hliðsjón af uppsetningu frumtextans eftir því sem hægt er. Greina-

skilum er alltaf haldið sem og uppsetningu hefðbundinna ljóða ef línur eru ekki mjög langar eða mismunandi inndregnar. Rit Halldórs Laxness njóta sérstöðu og er aldrei hreyft við stafsetningu í textum hans. Ef lesið er upp úr fornritum er reynt að fylgja algengum útgáfum en frágangur texta sem lesinn er upp úr blaða- og tímaritsgreinum, greinum af netinu, ljósvakafréttum o.þ.h. lýtur ritreglum þingsins.

Tilvitnanir, innskot

Almennt eru sett tilvitnunarmerki utan um ritað mál sem lesið er upp í ræðustól. Ef þingmaður bætir inn eigin stuttum skýringum má setja þær í hornklofa en ef skýringarnar eru langar eða ef þingmaður er með útleggingar og innskot er gæsalöppum lokað, sett þankastrik utan um innskotið og gæsalappir opnast á ný.

Þar sem ræðuútgáfan er útgáfa talaðs máls, þingræðna sem fluttar eru í þingsal, en ekki þess sem skrifað hefur verið áður, þótt þingmenn lesi það upp í ræðustól, er ritreglum þingsins fylgt í slíkum texta.

10. Leiðréttingar frá þingmönnum

Þingmenn fá sent útprent af ræðum sínum þegar lesarar hafa farið yfir þær og fært inn helstu lagfæringar. Um leið og ræðan er prentuð er hún gerð aðgengileg á vef þingsins. Á ræðublöðin er stimplaður sá frestur sem þingmenn hafa til að gera athugasemdir, ef einhverjar eru, og senda ræðublöðin aftur til ræðuútgáfunnar. Það útprent sem þingmenn fá er ekki lokaútgáfa því ritstjórar eiga eftir að lesa ræðurnar yfir og gera síðustu lagfæringar.

Þingmönnum eru settar þröngar skordur þegar kemur að því að breyta ræðum. Villur sem stafa af misheyrn ritara eða af ókunnugleika, t.d. ranglega rituð erlend nöfn á mönnum eða stofnunum, er sjálfsgagt að leiðrétta sem og augljós mismæli. Þá er viðtekin venja að heimila lítils háttar fágun á orðalagi ef merking er óbreytt.

Komið getur fyrir að þingmaður hafi í ógáti tilfært rangar (t.d. tölfræðilegar) upplýsingar um eitthvert atriði sem hann fjallaði um í þingræðu og vilji fá að leiðrétta þær. Þetta má fella undir orð þingskapa um „auðsæjar og sannanlegar villur“. Samt er ekki hægt að verða við tilmælum um leiðréttingu ef aðrir þingmenn hafa vefengt upplýsingarnar meðan á þingfundi stóð og umræða hefur orðið um að þær væru rangar, enda þyrfti þá að fella niður kafla úr fleiri ræðum.

Ekki er hægt að fella út kafla úr ræðum. Iðulega er vitnað til orða sem falla í ræðustól, jafnvel löngu síðar. Ekki er hægt að fella út frammiköll nema ritstjóri meti það svo að þau tengist ekki umræðunni. Óþarfa endurtekningum þess sem sagt hefur verið áður er þó í lagi að fækka. Ekki er hægt að verða við því að bæta inn nýjum upplýsingum eða athugasemdum frá þingmönnum nema það séu örstuttar nánari skýringar á umræðuefninu. Lengri

athugasemdir eða upplýsingar sem bætt er í ræðu eftir á hefðu hugsanlega kallað á andsvör ef fram hefðu komið í umræðum.

Af þessu leiðir að stundum getur verið álitamál hvort taka megi til greina óskir þingmanna og lagfæringar á ræðum þeirra. Það er mat ritstjóra hverju sinni.

Leiðréttingar sem berast eftir að skilafrestur er útrunninn og ræðuheftið er farið í prentun er ekki hægt að taka til greina fyrir prentaða útgáfu. Leiðréttingin verður í stað þess birt í efnisyfirliti fyrir viðkomandi löggjafarþing. Hins vegar er hægt að leiðrétta vefútgáfunna strax ef nauðsyn krefur.

Sigurlín Hermannsdóttir
ritstjóri
(2002)

Helstu heimildir:

Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Almenna bókafélagið hf., Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Ingólfur Pálmason. 1987. *Um ættarnöfn og erlend mannanöfn í íslensku*. Gefið út af höfundi, Reykjavík.

Reglur um frágang þingskjala og prentun umræðna. 1988. Alþingi, Reykjavík.

Gildi umræðna á Alþingi við lögskýringar

Helstu gögn sem íslenskir dómstólar líta til við lögskýringar eru svokölluð undirbúningsgögn, en til þeirra teljast greinargerðir með lagafrumvörpum, umræður um lagafrumvörp á Alþingi og nefndarálit. Auk þess kann að vera litið til meðferðar lagafrumvarps á þingi í heild sinni, skuldbindinga Íslands að þjóðarétti, erlendra laga, undirbúningsgagna og dómaframkvæmdar erlendis, fræðiriti og handbóka, úrlausna umboðsmanns Alþingis, stjórnsýsluákvæðana og 6. gr. EES-samningsins þar sem kveðið er á um að við framkvæmd og beitingu ákvæða samningsins beri að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóla Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samningsins.

Greinargerðir með lagafrumvörpum eru alla jafna taldar gefa mesta vísbendingu um hvað hafi vakað fyrir löggjafanum með lagasetningu og eru þær þannig „æðstar“ lögskýringargagna ef svo má að orði komast. Til eru fjölmargir dómar þar sem vikið er með einum eða öðrum hætti að greinargerðum með lagafrumvörpum og efni þeirra notað til nánari skýringa á efni laganna.

Umræður um lagafrumvörp á Alþingi eru í íslenskum fræðiritum oftast taldar vera annað mikilvægasta lögskýringargagnið. Þýðing ummæla manna á þingi er þó mismikil. Mestu máli skipta ummæli ráðherra (þegar um stjórnarfrumvörp er að ræða) og flutningsmanna frumvarpa (þegar um þingmannafrumvörp er að ræða). Þá hafa ummæli framsögumanna nefndarálita einnig töluverða þýðingu, sérstaklega þegar fastanefnd leggur til breytingar á frumvarpi eftir umfjöllun um það milli umræðna, sem og ummæli einstakra flutningsmanna breytingartillagna sem ná fram að ganga, sbr. t.d. eftirfarandi hæstaréttardóma:

Hrd. 1930:175. Í málinu reyndi á skýringu á tilteknu ákvæði laga nr. 36/1926, um veiðar innan landhelgi. Ákvæðið fjallaði nánar tiltekið um það að þegar botnvörpuskip væri innan landhelgi, en veiðarfæri væru ekki í búlk innanborðs þyrfti að vera ljóst af öllum atvikum að skipið hafi hvorki verið að veiðum í landhelgi né hafi nokkur undirbúningur átt sér stað í því skyni. Talið var að skýra ætti ákvæðið þröngt með hliðsjón af ummælum flutningsmanns við umræður á Alþingi, en tekið er fram í dóminum að framsögumaður útvegsnefndar neðri deildar Alþingis hafi sagt án þess að því væri mótmælt að lögunum væri því aðeins ætlað að koma til framkvæmda að „umbúnaður veiðarfæra [væri] ekki löglegur af óviðráðanlegum ástæðum eða og (skipið) þar í landhelgi sem liggur langt frá veiðistöð eða fiskimiðum“.

Hér verður þó að hafa í huga að um refsíákvæði var að ræða sem hefði líklega verið skýrt þröngt hvort sem er. Ummæli flutningsmanns styrkja þó niðurstöðuna, enda er sérstaklega vikið að þeim í dóminum, og var ákærða gert að sæta 4.000 kr. sekt til Landhelgisjós sem

ætti að afplánast með 30 daga einföldu fangelsi væri hún ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dómsins.

Hrd. 1934:728. Málið snerist um endurkröfu vegna meintrar ólöglegrar álagningar á áfengi og reyndi á skýringu á ákvæðum laga nr. 69/1928, um Áfengisverslun ríkisins. Í héraðsdómi var vitnað til ummæla sem fram komu í umræðum við meðferð frumvarps til laganna á Alþingi. Þar voru settar fram ákveðnar skýringar og segir í héraðsdómi að gegn „... þessari skýringu framsögumanns komu engin andmæli fram á Alþingi, hvorki frá samnefndarmönnum hans í allsherjarnefnd né öðrum“.

Hrd. 1989:28. Í málinu var deilt um skyldu heilsugæslulæknis til að veita starfsmönnum og trúnaðarlækni Ríkisendurskoðunar aðgang, í þágu starfa sinna, að sjúkraskýrslum þeirra sjúklunga sem leituðu til heilsugæslustöðvarinnar á tilteknu tímabili. Ríkisendurskoðun byggði á 7. gr. laga nr. 12/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1988. Viðkomandi læknir bar hins vegar fyrir sig 66. gr. stjkskr. og ákvæði læknalaga, nr. 53/1988. Í dómi Hæstaréttar var vitnað til ummæla á Alþingi, nánar tiltekið hjá framsögumanni þeirrar nefndar sem fjallaði um frumvarpið í neðri deild þingsins (verið var að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1986, sem varð að lögum nr. 35/1988) þess efnis að nefndin teldi rétt að Ríkisendurskoðun fengi þær almennu heimildir sem kveðið væri á um í frumvarpinu til þess að hún gæti rækt hlutverk sitt með viðunandi hætti. Jafnframt kom fram í máli framsögumanns að nefndin legði áherslu á nauðsyn þess að réttur sjúklunga til fulls trúnaðar um einkamál væri í heiðri hafður og ákvæði læknalaga um þagmælsku virt. Nefndin taldi að heilbrigðisnefnd bæri að hafa forustu um að móta verklagsreglur sem kvæðu m.a. á um að sérstakur trúnaðarlæknir annaðist athuganir Ríkisendurskoðunar á sjúkragögnum sem lögju til grundvallar greiðslum til lækna. Þannig yrði nauðsynlegs trúnaðar gætt.

Niðurstaða málsins varð sú að læknum væri skylt að veita starfsmönnum og trúnaðarlækni Ríkisendurskoðunar aðgang að sjúkraskýrslunum.

Oft hafa þingmenn mismunandi skoðanir á því hvernig skýra eigi ákvæði frumvarps eða frumvarpið í heild sinni og þessar skoðanir kunna að ganga gegn almennum lögskýringarviðhorfum. Dómstólar eru þá að sjálfsögðu ekki bundnir af slíkum skýringum, sbr. hrd. 1966:236 þar sem segir að ummæli á Alþingi í sambandi við setningu laganna, [16/1958] ... breyti hér engu um, eins og á standi, gegn afdráttarlausum ákvæðum lagatextans.

Þrátt fyrir þýðingu umræðna á þingi sem lögskýringargagns kemur það ekki oft fyrir að vitnað sé til þeirra í dómum. Það þarf þó ekki að þýða að við úrlausn málsins hafi ekki farið fram könnun á þeim, heldur miklu fremur það að við hana hafi ekki komið neitt nýtt í ljós sem að haldi geti komið við lögskýringu hverju sinni og því ástæðulaust að greina frá henni í forsendum dómsins.

Í þeim tilvikum þar sem vísað er til umræðna á Alþingi er það oftast gert til að styrkja tiltekna lögskýringarleið, s.s. rýmkandi lögskýringu, þrengjandi lögskýringu o.s.frv.

Sjaldan er vitnað til þeirra í öðrum tilgangi, þótt það hafi vissulega gerst, sbr. fyrrgreindan hrd. 1966:236 þar sem sagði að tiltekin ummæli breyttu í reynd engu um skýringu, enda væru þau ekki í samræmi við skýr orð ákvæðisins sjálfs. Algengast er hins vegar að umræður um lagafrumvörp á Alþingi séu notaðar til að styrkja niðurstöðu sem hugsanlega er ekki augljós samkvæmt orðanna hljóðan.

Ljóst má vera að undirbúningsgögn hafa mikla þýðingu við lögskýringu, þótt athugasemdir og skýringar sem fram koma í greinargerðum séu alla jafna veigamestar. Vel unnin undirbúningsgögn, þá aðallega greinargerðir og umræður, geta dregið fram mismunandi sjónarmið sem getur reynt á við lögskýringu og þannig komið fram fleiri hliðar á málinu en sú sem lagatextinn tekur beinlínis til. Auk þess má benda á að undirbúningsgögn, þó einkum greinargerðir, eru oft unnin af sérfræðingum og því rétt og eðlilegt að viðhorf þeirra um skýringu lagaákvæðis hafi talsvert vægi.

Sigrún Brynja Einarsdóttir
lögfræðingur á nefndasviði
(2002)

Heimildir:

Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*. Bókaútgáfa Orators, Reykjavík 1988.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar, kennslubefni við lagadeild Háskóla Íslands*. Reykjavík 1994.

Bænarskrár um styttingu þingtíðinda og fleira

Árið 1861 komu fram tvær bænarskrár um að stytta þingtíðindin. Á 5. fundi Alþingis það sumar komu þær til umræðu. Í bænarskránni frá Kollabúðafundinum sagði m.a.:

„Þingtíðindin sýna oss ljósast, hversu mikinn starfa þíngmenn höfðu, og hvað mörg mál þeir höfðu til meðferðar og leiddu til lykta; mál þessi virðast oss misjafnlega nauðsynleg, en leggjum þar þó ekki til, og virðum góðan vilja og framkvæmd þingsins. Þingtíðindin sýna oss líka, hversu erfitt þíngmenn gjörðu sjálfum sér þínghaldið með kappmálum og hinni óþreytandi margmælgí sinni, optlega – að oss virðist – til lítils þarfa. Loksins sýna þingtíðindin oss, hvílíks fjárframlags þau krefja af landsmönnum, og það er beinlínis þetta atriði, er einkum þarf umbóta við, því sé það satt, að ritstarfa- og prentakostnaður þingtíðindanna 1859 orðið hafi 2,700 rd., þá er slíkt óhæfa mikil og ekki þolanda, og hér á móti því minna í aðra hönd landsmönnum, þar sem tíðindin eru, sem meiri mark- og endileysum er í þau hrúgað, við hvað þau verða almenníngi ómeðferileg, ógreinileg, óviðfældin og óvinsæl, og lakast af öllu, að þau gjöra, svo löguð, sitt til þess, að rýra ást og virðingu þjóðarinnar á alþinginu, ...

Ræður þíngmanna, þó margt nýtilegt geti í þeim fundizt, ætti ekki að prentast í þingtíðindunum, nema, ef sýndist, í örstuttu ágripi, er þíngmenn þá sjálfir ritaði eptir sér, og fengi tíðindanefndinni til hlíðsjónar við samning tíðindanna; við þetta hyrfi aukaskrifararnir úr þingsalnum, svo ekki þyrfti menn að launa þeim, og væri það líka sparnaður.“

Í sama streng var tekið í bænarskrá frá Þingvallafundi þar sem til umfjöllunar var m.a. sá kostnaður sem leiddi af Alþingi. Samþykkti fundurinn að skora á þingið að „*sleppt verði hér eptir prentun allra þíngræðna, nema inngangsumræðu þeirra mála, sem fellð eru á þingi*“.

Urðu miklar umræður um þessar bænarskrár og voru þær felldar með 19 atkvæðum gegn 3.

Leiðréttingar þingmanna og skil á eigin ræðum

Í þingræðu frá 26. apríl 1921 má finna athugasemd frá forseta efri deildar, Guðmundi Björnsyni, um prentun þingtíðindanna og leiðréttingu þingræðna:

„Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli háttv. þdm. á því, að nú þegar Alþingi er háð á hverju ári, þá virðist oss svo, forsetum og skrifstofustjóra Alþingis, að nauðsynlegt sje að byrja sem fyrst á prentun Alþingistíðindanna, til þess að þeim geti orðið lokið fyrir byrjun næsta þings. Þess vegna viljum vjer áminna háttv. þm. um að leiðrjetta ræður sínar jafnóðum og þær eru lagðar fram á lestrarsal þingsins.

Innanbæjarþingmönnum verður ekki leyft að taka ræður heim til sín eftir þinglausnir, eins og að undanförmu, en lestrarsalnum verður haldið opnum fáeina daga frá því, er síðustu ræðuköflum er þangað skilað af hendi innanþingskrifara, til þess að þingmenn eigi kost á að fara þar yfir ræður þær, sem þeir áttu ekki kost á að sjá fyrir þinglok.“

Mótmæli prentara við sparnaði á prentun Alþingistíðinda

Hinn 1. apríl 1935 sendu prentarar bréf til Alþingis þar sem þeir skorðu á Alþingi að fella tillögur um að fella niður prentun á ræðuparti Alþingistíðindanna árin 1934 og 1935. Ástæður voru:

1. *Að þetta orsakar atvinnumissi allmargra þeirra, er að prentið vinna.*
2. *Að eigi mun ransakað til blítar um hversu mikinn raunverulegan sparnað hjer er að ræða fyrir ríkissjóð, þegar alt kemur til als, en oss virðist að hann hljóti að verða miklu minni heldur en tillögumenn virðast gera ráð fyrir.*
3. *Að það virðist lítið rjettlæti vera í því fölgid, að ætla að bæta tjón af náttúrubámförum eða óáran í verzlun með því að svifta tiltölulega stóran hóp í fámennri iðnaðarstjett afkomumöguleikum.*

Undir þetta skrifuðu í stjórn Fjelags ísl. prentsmiðjueigenda Steindór Gunnarsson, Gunnar Einarsson, Guðbjörn Guðmundsson, Hallbjörn Halldórsson og Hafliði Helgason. Frá stjórn Hins ísl. prentarafjelags Magnús H. Jónsson, Þorsteinn Halldórsson, Jóhannes Jóhannesson, Jón H. Guðmundsson og Samúel Jóhannsson.

Mótmæli innanþingsskrifara

Þann 7. des. 1935 skrifuðu innanþingsskrifarar undir mótmæli gegn tillögu fjárveitinga- nefndar um að fella niður þingskriftir og prentun á umræðuparti Alþingistíðinda.

„Í tilefni af tillögu fjárveitinganefndar um að hætta allri ræðuritun í alþingi, leyfum vér undir- ritaðir þingskrifara oss, eftir að hafa rætt málið á tveimur fundum, að leggja fram eftirfarandi álit og mótmæli, þar eð vér viljum ekki sem starfsmenn þingsins og kjósendur í landinu láta málið afskiftalaust.

Vér viljum leiða rök að því stuttlega, að fjárupphæð sú, sem kann að sparast með atvinnusvifingu þeirri, sem í tillögunni felst, sé alltof dýru verði keypt.

Það er enginn þjóðhagslegur ávinningur, sízt á vandræðatímum, að kippa atvinnu af mönnum, sem yfirleitt teljast til fátækustu stétta þjóðfélagsins, því að hin litlu laun þeirra geta ekki talizt eyddur eyrir, nema þá að starf þeirra sé verra en óparft.

Með niðurfellingu ræðupartsins breytist starfsemi alþingis og truflast á ýmsan hátt. Yfirlýsingar í þingsal af hálfu stjórnar og flokka, greinargerðir fyrir atkvæði o. s. frv. og ómissandi skýringar, sem málafærslumenn nota og dómur hafa beinlínis byggst á, lægju ekki lengur fyrir skjállega. Þingmenn eru og neyddir til að sleppa úr hendi sér því vopni í stjórnmalabaráttunni, sem þeim nú er svo tamt að grípa til, en það er ræðupartur þingtíðindanna. Er ósjaldan vitnað í þessa merku bók og bera ný- afstaðnar eldhúsumræður þess órækt vitni.

Þegar kjósendur eiga þess engan kost, að sjá svart á hvítu hvað fulltrúar þeirra tala í þingsal – á löggjafarsamkomu þjóðarinnar – þá verður ekki með sanni sagt, að alþingi starfi lengur á ósvikum lýðræðisgrundvelli, miðað við þær þjóðir, er vér viljum taka oss til fyrirmyndar. Útvarpsumræður geta aldrei komið í stað prentaðra þingræðna. Ekki heldur skjalaparturinn, þótt hann hljóti að sjálfsögðu að bóligna von úr viti og gleypa furðumikið af hinni fyrirbugðu sparnaðarupphæð, og stórauka á vinnu þingmanna. Auk þess er ræðuparturinn svo mikilvæg söguleg heimild, að óbætanlegt tjón er að, ef hann er felldur niður.

Vér höldum því fast fram, að þingræðuritun sé sjálfsagður þáttur þingræðisins og af öllum menn- ingarlegum og lýðræðislegum ástæðum beri að halda henni uppi. Hitt má vera, að umbótum megi koma við á fyrirkomulagi þingskriftanna en út í það skal ekki farið hér. Krafan um þingræðuritun var talin sjálfsögð fyrir tæpri öld, er alþingi var endurreist, og hún stendur enn í fullu gildi.

Af framangreindum ástæðum mótmælum vér eindregið niðurfellingu á ræðuritun í alþingi og tel- um umræðupartinn vera svo ómissandi tengilið milli þings og þjóðar, að það samræmist ekki viðteknu lýðræðisskipulagi, að böggva hann í sundur.“

Undir þetta skrifuðu Helgi Tryggvason, Ólafur Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Hermann Guðbrandsson, Jóhann Hjörleifsson, Magnús Ásgeirsson, Björn Haraldsson, Þórólfur Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ólafur H. Kristjánsson, Kristján Thorlacius, Kristinn Sigmundsson, Björn Franzson, Kristinn Andrésson, Jón J. Símonarson, Krist- mundur Þorleifsson, Guðjón B. Baldvinsson og Pétur Jónsson.

Tilhögun ræðuskrifa

Frá því í ágúst 1939 er til lýsing skrifstofustjóra Alþingis, Jóns Sigurðssonar, á því hvernig ræðuskrif fóru fram á Alþingi.

„Hraðritun hefir ekki enn verið komið á hér á Alþingi með sama hætti sem tíðkast í erlendum þingum, þannig að handrit hraðritaranna skuli ráða og þingmenn megi ekki leiðrétta ræður sínar að efni til. Þingmenn eiga enn fullan rétt á að leiðrétta handrit skrifaranna að ræðunum og breyta þeim eftir vild, þótt lítt sé það nú notað. Þótt hraðriturum hafi mjög fjölgað við þingið á síðari árum – um ^{3/4} blutar þingskrifara munu nota hraðritun – hefir því engin breyting orðið á um fyrirkomulag frá því sem áður var. Ræðurnar eru ekki þegar teknar til prentunar eins og þær koma frá hendi skrifaranna, heldur liggja þær frammi þingmönnum til athugunar, enda er prentun umræðna ekki hafin fyrr en að þingi loknu, og ekki prentað í tímaröð eftir fundum, heldur umræður um hvert mál teknar saman og prentaðar í einu lagi.

Við Alþingi starfa nú á þingtíma og hafa lengi gert 16 ræðuskrifarar í 8 flokkum, tveir og tveir saman í flokki. Á þingfundum situr hver flokkur hálfu klukkustund í senn og ritar lauslega niður ræðuna með blýanti, hraðritarar í sérstakar hraðritunarbækur, en aðrir á laus blöð (renninga). Þeir, sem ekki eru hraðritarar, verða vitanlega mjög að skammstafa og hafa á því margvíslegar aðferðir. Byrjaður hálf tími telst heill kaflí. Í hverjum skrifaraflokki skiptast menn síðan á um að hreinrita kaflana, en vinna ekki að því saman, heldur fær sá, sem rita á, í hendur uppkastið frá hinum. Venjulega er hverjum kafla skilað hreinrituðum til framlagningar eftir 1–2 daga, en þó getur það dregið lengur, ef fundir eru langir og skrifarar hafa ekki tíma til hreinritunar. Hreinritun hvers hálf tíma kafla mun taka 3–5 klukkutíma.

Áður voru sérstakir ræðuskrifarar fyrir hvora deild þingsins, en vinnan þótti koma ójafnt niður, og var því breytt svo til fyrir 15 árum, að skrifaraflokkarnir skyldu skiptast á um vinnuna í báðum deildum jafnt, eftir föstum reglum. Til þess að halda reglu í þessu efni hefir jafnan síðan einn skrifaranna verið ráðinn verkstjóri þeirra. Festir hann upp skrifaraskrá í lestrarsal þingsins og ritar þar daglega, hver skrifaraflokkur skuli byrja í hvorri deild næsta dag, og lítur jafnframt eftir stundvísi og góðri skilsemi af hálfu skrifaranna.

Skrifarar hafa í laun kr. 9.50 á dag frá því er þeir taka til starfa, einnig fyrir sunnudaga. Auk þess hefir þeim oft verið greidd allveruleg uppbót. Þeir eru ekki allir ráðnir þegar í þingbyrjun, heldur er þeim smá fjölgað eftir því sem störfin aukast. Verkstjóri þeirra fær 2 kr. aukabókun á dag um þingtímann.

Fyrir 15 árum var þeirri venju komið á, að allir nýir umsækjendur um ræðuskriftir á Alþingi ganga nú undir próf, á þann hátt að lesinn er upp fyrir þeim ræðukaflí eða kaflar úr Alþingistíðindum, í nálega 20 mínútur, og síðan setið yfir þeim, meðan þeir hreinrita. Eru þeir síðan valdir úr, sem bestir reynast við prófið að áliti þar til kvaddra prófdómenda. Við slíkt samkeppnispróf standa hraðritarar vitanlega betur að vígi en aðrir, enda hefir þeim mjög fjölgað síðan þessu prófi var komið á.“

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að forsetar Alþingis hafi í samráði við ríkisstjórnina, gert ráðstafanir til þess, að þingræður verði frá og með byrjun næsta þings teknar upp á vélrænan hátt, og látið í því skyni koma fyrir nauðsynlegum tækjum í alþingishúsinu. Vegna kostnaðar, þrengsla í þingsölum og óþægilegrar aðstöðu að öðru leyti þótti ekki gerlegt að hafa hljóðnema dreifða um þingsalina fyrir framan þingmenn, heldur hefur uppsetning tækjanna verið við það miðuð, að allar ræður verði fluttar úr ræðustól. Hins vegar er það nú meginregla samkvæmt ákvæðum þingskapa, að þingmaður standi upp úr sæti sínu og mæli þaðan. Hentugast þykir og eðlilegast að koma á hinn nýju skipan í þessu efni þegar í þingbyrjun.

Vegna þessa eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. Stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. september 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Kostnaður við útgáfu Alþingistíðinda

Á þinginu 1970–1971 beindi Gils Guðmundsson fyrirspurn til forsætisráðherra um þingskjöl og Alþingistíðindi. Í svari Jóhanns Hafsteins forsætisráðherra frá 2. mars 1971 kom rækilega fram hve prentun umræðupartsins var orðin langt á eftir:

„Spurt er í fyrsta lagi, hver hafi verið árlegur útgáfukostnaður síðustu þrjú árin á þingskjölum og skjalaparti Alþingistíðinda og umræðuparti Alþingistíðindanna.

Útgáfukostnaðurinn síðustu þrjú árin hefur verið þessi: 1968, á skjalaparti, þar með talin þingskjöl, 1 millj. 334 þús. kr., á umræðuparti 2 millj. 147 þús. kr.; 1969, á skjalaparti 1 millj. 172 þús. kr., á umræðuparti 2 millj. 904 þús. kr.; 1970, á skjalaparti 2 millj. 698 þús. kr., á umræðuparti 1 millj. 122 þús. kr.

Í öðru lagi er spurt, hve mikið sé óprentað af umræðuparti Alþingistíðinda.

Prentun umræðna á þinginu 1964–1965 er lokið að mestu. Prentun umræðna á þinginu 1965–1966 er langt á veg komin. Prentun er hafin á umræðum á þingunum 1966–1967, 1967–1968 og 1968–1969, en skemmra á veg komin. Ekki er enn hafin prentun á umræðum á síðasta þingi, 1969–1970, og ekki heldur umræðum á yfirstandandi þingi.

Í þriðja lagi er spurt, hvort ekki séu ráðagerðir um breytingar á útgáfufyrirkomulagi þingskjala og Alþingistíðinda, sem leitt gætu jöfnum höndum til aukinnar bagkvæmni og sparnaðar.

Útgáfa umræðuparts Alþingistíðinda hefur lengst af þennan tíma dregizt lengur en skyldi. Hefur þó verið stefnt að því að vinna upp það, sem dregizt hefur aftur úr, og nú er unnið í sex prentsmiðjum að prentun umræðuparts frá fimm þingum, og standa vonir til, að unnt reynist að koma prentun umræðupartsins í gott horf, þótt óhjákvæmilega taki það talsverðan tíma. Á viðskiptum við hinar sex prentsmiðjur eru þó þau vandkvæði, að þær hafa allar ýmis verkefni frá öðrum viðskiptamönnum sínum, misjafnlega mikil eftir árum og árstímum, en flest þeirra bundin við bókaútgáfu á haustin. Er yfirleitt auðsött að fá prentsmiðjur til að vinna að prentun framan af ári, en örðugra um vik frá því er sumarleyfi hefjast og fram undir árslok.“

Tölvutæknin kemur til sögunnar

Tillaga um nýtingu nýrrar tækni í vinnubrögðum á Alþingi var lögð fram á þingi 1983–1984 af Eiði Guðnasyni. Þá var komin ný tækni til sögunnar, tölvutæknin.

Tillögugreinin hljóðaði svo: „Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að láta þegar í stað kanna hvernig hagkvæmast sé að koma við nýrri tækni að því er varðar ræðuritun og skráningu, ritun og vörslu þingskjala.“

Í greinargerðinni sagði: „Skráning og varsla gagna og skjala af ýmsu tagi hefur verið að gjörbreytast á undanförunum árum með tilkomu tölvutækni og ritvinnslu. Þessi nýja tækni er ekki lengur á þróunarstigi heldur er hún staðreynd í fjölmörgum stofnunum og fyrirtækjum hér á landi jafnt stórum sem smáum.“

Flutningsmanni þykir einsýnt að ritvinnsla og tölvuskráning geti komið að mjög góðum notum í störfum Alþingis og orðið til verulegrar hagræðingar og sparnaðar þegar til lengri tíma er litið. Þegar er fyrir hendi staðgöð þekking og kunnátta í þessum efnum hjá ýmsum aðilum hér á landi þannig að upplýsinga þarf ekki að leita um langan veg.“

Lagagreinar um útgáfu Alþingistíðinda

8. Marts. 1843, tilskipun um stiptun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþing.

78) Til þess að allt verulegt, er fram fer á alþingi, geti orðið almenníngi kunnugt, skal Vor umboðsmaður sjá um, að það, svo fljótt sem mögulegt verður, auglýsist í sérlegum, þartil ætluðum tíðindum. Til að semja þessi tíðindi, með tilhlutan forseta og umsjón Vors umboðsmanns, á alþing að nefna tvo af þess meðlimum.

41. gr. þingskapa til bráðabyrgða handa alþingi Íslendinga, nr. 10 24. maí 1874.

Bæði umræður þingdeildanna og hins sameinaða alþingis verða prentaðar í tíðindum, sem til þess eru ætluð. (smb. 5. gr. að framan).

41. gr. laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga, nr. 14 7. apríl 1876.

Bæði umræður þingdeildanna og hins sameinaða alþingis verða prentaðar í tíðindum, sem til þess eru ætluð.

49. gr. laga um þingsköp handa Alþingi, nr. 45 10. nóv. 1905.

Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

52. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 29 3. nóv. 1915.

Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau, skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrjetta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sje óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsgöð leiðrjetting.

Grein 52. í lögum frá 1915 var óbreytt í þingsköpum nr. 115/1936 (gr. 62) en með lögum nr. 54 29. maí 1972 bættist við ný grein er hljóðaði svo:

Umræður þingdeildanna og sameinaðs þings, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta jafnóðum og gefa síðan út í Alþingistíðindum.

88. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55 31. maí 1991.

Umræður á Alþingi, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sér. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu nema leiðréttta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsgöð leiðrétting. Forseti getur sett nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda, frágang þingskjala o.fl.

